

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/1113

2025/EES/23/02

frá 31. maí 2023

um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og tiltekinna sýndareigna
og um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 ⁽⁴⁾ hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁵⁾. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða ætti að endurútgefa þá reglugerð til glöggvunar.
- 2) Reglugerð (ESB) 2015/847 var sett til að tryggja að kröfum fjármálaaðgerðahópsins (e. *Financial Action Task Force (FATF)*) um greiðsluþjónustuveitendur og einkum þá skyldu greiðsluþjónustuveitenda að láta upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu fylgja með millifærslu fjármuna væri beitt með samræmdum hætti í Sambandinu Nýjustu breytingarnar, sem í júní 2019 voru teknar upp í staðla fjármálaaðgerðahópsins um tækninýjungar í því skyni að setja reglur um sýndareignir og þjónustuveitendur sýndareigna, lögðu svipaðar skyldur á þjónustuveitendur sýndareigna í því skyni að stuðla að rekjanleika millifærslna sýndareigna. Til viðbótar við þessar breytingar er þjónustuveitendum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, p. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2025 frá 20. febrúar 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 68, 9.2. 2022, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 152, 6.4. 2022, bls. 89.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 20. apríl 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. maí 2023.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1781/2006 (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 1).

⁽⁵⁾ Sjá I. viðauka.

sýndareigna skylt að láta upplýsingar um upphafsaðila og viðtakanda færslanna fylgja með millifærslum sýndareigna. Þjónustuveitendum sýndareigna er einnig skylt að afla, hafa og deila þeim upplýsingum með mótaðila sínum á hinum enda millifærslu sýndareignanna og gera þær aðgengilegar lögbærum yfirvöldum að beiðni þeirra.

- 3) Í ljósi þess að reglugerð (ESB) 2015/847 gildir sem stendur eingöngu um millifærslu fjármuna, þ.e. peningaseðla og myntar, inneign á reikningum og rafeyri eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ⁽⁶⁾, er rétt að útvíkka gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/847 þannig að hún nái líka yfir millifærslur sýndareigna.
- 4) Flæði ólöglega fengins fjár með millifærslum fjármuna og sýndareigna getur skaðað heilindi, stöðugleika og orðspor fjármálamarkaðarins og ógnað innri markaði Sambandsins, sem og þróun á alþjóðavettvangi. Peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og skipulögð brotastarfsemi eru enn verulegt vandamál sem fjalla ætti um á vettvangi Sambandsins. Heilbrigði, trúverðugleika og stöðugleika kerfisins til að millifæra fjármuni og sýndareignir, sem og trausti á fjármálakerfinu í heild, gæti verið stefnt í verulega hættu fyrir tilstuðlan brotamanna og samstarfsmanna þeirra til að fela uppruna ávinnings af brotastarfsemi eða millifæra fé eða sýndareignir til notkunar í brotastarfsemi eða við framkvæmd hryðjuverka.
- 5) Ef engar ráðstafanir eru gerðar til samræmingar innan Sambandsins er líklegt að aðilar sem stunda peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nýti sér frelsi til fjármagnsflutninga, sem hið samþætta fjármálasvæði Sambandsins felur í sér, í því skyni að auðvelda brotastarfsemi sína. Alþjóðleg samvinna innan ramma fjármálaaðgerðahópsins og hnattræn framkvæmd tilmæla hans miðar að því að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka við millifærslu fjármuna eða sýndareigna.
- 6) Vegna umfangs og áhrifa þeirra aðgerða sem grípa þarf til ætti Sambandið að tryggja að framkvæmd alþjóðlegra staðla um að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun og útbreiðslu hryðjuverka, sem fjármálaaðgerðahópurinn samþykkti 16. febrúar 2012 og endurskoðuð voru 21. júní 2019 (endurskoðuð tilmæli fjármálaaðgerðahópsins), og, einkum 15. tilmæla fjármálaaðgerðahópsins um tækninýjungar, 16. tilmæla fjármálaaðgerðahópsins um rafrænar millifærslur og endurskoðaðar athugasemdar um þessi tilmæli, sé beitt með samræmdum hætti alls staðar í Sambandinu, einkum að hvorki sé um mismunun né ósamræmi að ræða milli innlendra greiðslna eða millifærslna sýndareigna innan aðildarríkis annars vegar og greiðslna eða millifærslna sýndareigna yfir landamæri milli aðildarríkja hins vegar. Ósamræmdar aðgerðir aðildarríkja sem starfa hvert í sínu lagi á sviði millifærslna fjármuna og sýndareigna yfir landamæri gætu haft veruleg áhrif á snurðulausa starfsemi greiðslukerfa og sýndareignaþjónustu á vettvangi Sambandsins og gætu því skaðað innri markaðinn á sviði fjármálaþjónustu.
- 7) Til að stuðla að samræmdri nálgun í alþjóðlegu samhengi og til að auka skilvirkni í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka ættu frekari aðgerðir Sambandsins að taka mið af þróun á alþjóðavettvangi, einkum endurskoðaðra tilmæla fjármálaaðgerðahópsins.
- 8) Hnattrænt umfang þeirra, hraðinn sem hægt er að millifæra þær á og möguleg nafnleynd sem millifærslur þeirra bjóða upp á gera sýndareignir sérstaklega viðkvæmar fyrir saknæmri misnotkun, m.a. í aðstæðum sem ná yfir landamæri. Til að taka á skilvirkan hátt á þeirri hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem misnotkun sýndareigna veldur ætti Sambandið að ýta undir beitingu tilmæla sem innleiddir eru með þessari reglugerð á heimsvísu og þróun þeirrar víddar reglugerðar- og eftirlitsrammans um millifærslur sýndareigna í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem nær þvert á lönd og lögsagnarumdæmi.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

- 9) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ⁽⁷⁾, eftir breytingar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 ⁽⁸⁾, var innleidd skilgreining á sýndarfé og staðfest að veitendur gjaldeyrisskiptapjónustu milli sýndarfjár og gjaldmiðla sem og þjónustuveitendur stafrænna veskja væru meðal þeirra aðila sem falla undir kröfur í lögum Sambandsins um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Nýleg þróun á alþjóðavettvangi, einkum innan ramma fjármálaaðgerðahópsins, felur í sér nauðsyn til að setja reglur um aðra flokka þjónustuveitenda sýndareigna sem ekki falla undir þær enn og til að breikka núverandi skilgreiningu á sýndareign.
- 10) Skilgreiningin á sýndareignum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ⁽⁹⁾ samsvarar skilgreiningunni á sýndareignum sem sett er fram í endurskoðuðum tilmælum fjármálaaðgerðahópsins og listinn yfir þjónustu á sviði sýndareigna og þjónustuveitendur sýndareigna í reglugerðinni nær einnig yfir þá þjónustuveitendur sýndareigna sem auðkenndir eru sem slíkir af fjármálaaðgerðahópnum og taldir eru líklegir til að valda áhyggjum í tengslum við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Til að tryggja samfellu í lögum Sambandsins á því sviði ætti þessi reglugerð að nota sömu skilgreiningar á sýndareignum, þjónustu á sviði sýndareigna og þjónustuveitendum sýndareigna og notaðar eru í reglugerð (ESB) 2023/1114.
- 11) Framkvæmd og framfylgd þessarar reglugerðar er viðeigandi og skilvirk aðferð til að koma í veg fyrir og berjast gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 12) Þessari reglugerð er hvorki ætlað að leggja óþarfa byrðar né kostnað á greiðsluþjónustuveitendur, þjónustuveitendur sýndareigna eða aðila sem nota þjónustu þeirra. Hvað þetta varðar ætti forvarnarstarf að vera markvisst og hæfilegt og ætti að vera í fullu samræmi við frjálsa fjármagnsflutninga sem eru tryggðir í öllu Sambandinu.
- 13) Í endurskoðaðri stefnuáætlun Sambandsins um fjármögnun hryðjuverka frá 17. júlí 2008 („endurskoðaða áætlunin“) er staðhæft að áfram skuli kappkostað að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka og hafa eftirlit með því hvort grunaðir hryðjuverkamenn nota eigið fjármagn. Viðurkennt er að fjármálaaðgerðahópurinn leitast stöðugt við að bæta tilmæli sín og vinnur að sameiginlegu samkomulagi um það hvernig eigi að framkvæma þau. Tekið er fram í endurskoðuðu stefnuáætluninni að framkvæmd allra aðila fjármálaaðgerðahópsins, og samsvarandi svæðisbundinna aðila á endurskoðuðum tilmælum fjármálaaðgerðahópsins, sé metin með reglulegu millibili og að sameiginleg nálgun aðildarríkja á framkvæmdinni sé því mikilvæg.
- 14) Í orðsendingu sinni frá 7. maí 2020 um aðgerðaáætlun fyrir heildstæða stefnu Sambandsins í baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka tilgreindi framkvæmdastjórnin auk þess sex forgangssvið brýnna aðgerða til að bæta regluverk Sambandsins um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þar á meðal upptöku samræmds regluamma á því sviði í Sambandinu til að fá nákvæmari og samræmdari reglur, einkum til að taka á áhrifum tækninýjunga og þróunar í alþjóðlegum stöðlum og til að koma í veg fyrir ólíka framkvæmd fyrirliggjandi reglna. Vinna á alþjóðavettvangi bendir til þess að þörf sé á að útvíkka hvaða geirar eða aðilar falla undir þær reglur og að fjalla um hvernig þær ættu að gilda um þjónustuveitendur sýndareigna sem ekki falla undir þær eins og er.

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB (Stjtið. L 156, 19.6.2018, bls. 43).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).

- 15) Til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka hafa verið gerðar ráðstafanir í þeim tilgangi að frysta fjármuni og fjármagn tiltekinna einstaklinga, hópa og aðila, þ.m.t. reglugerðir ráðsins (EB) nr. 2580/2001⁽¹⁰⁾, (EB) nr. 881/2002⁽¹¹⁾ og (ESB) nr. 356/2010⁽¹²⁾. Með sama markmið í huga hafa einnig verið gerðar ráðstafanir í þeim tilgangi að vernda fjármálakerfið gegn því að fjármunum og fjármagni sé beint um það í þágu hryðjuverka. Í tilskipun (ESB) 2015/849 er fjöldi slíkra ráðstafana. Þessar ráðstafanir koma þó ekki að fullu í veg fyrir að hryðjuverkamenn eða aðrir brotamenn hafi aðgang að greiðslukerfum til að millifæra fjármuni sína.
- 16) Rekjanleiki á millifærslum fjármuna og sýndareigna getur verið sérstaklega mikilvægt og gagnlegt úrræði til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og til að framkvæma þvingunaraðgerðir, einkum þær sem lagðar eru á með reglugerðum (EB) nr. 2580/2001, (EB) nr. 881/2002 og ESB nr. 356/2010. Því er viðeigandi, til að tryggja sendingu upplýsinga í gegnum alla greiðslukeðjuna eða millifærslukeðju sýndareigna, að kveða á um kerfi sem leggur þá skyldu á greiðsluþjónustuveitendur að þeir láti upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu fylgja millifærslum og þá skyldu á þjónustuveitendur sýndareigna að þeir láti upplýsingar um upphafsaðila og viðtakanda fylgja millifærslum sýndareigna.
- 17) Tilteknar millifærslur sýndareigna fela í sér ákveðna stóra áhættuþætti fyrir peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og annars konar afbrotastarfsemi, einkum millifærslur í tengslum við vörur, færslur eða tækni sem ætlað er að auka nafnleynd, þ.m.t. nafnleyndarveski (e. *privacy wallet*), blandarar (e. *mixer*) eða hrærarar (e. *tumbler*). Til að tryggja rekjanleika slíkra millifærslna ætti Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010⁽¹³⁾ einkum að útskýra hvernig þjónustuveitendur sýndareigna ættu að taka tillit til áhættuþáttanna sem taldir eru upp í III. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/849, þ.m.t. þegar þeir eiga viðskipti við aðila utan Sambandsins, sem hvorki lúta reglum, eru skráðir né með starfsleyfi í neinu þriðja landi, eða sjálfhýst vistföng. Vegna tilvika þar sem aukin áhætta greinist ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að gefa út viðmiðunarreglur þar sem tilgreindar eru auknar ráðstafanir um áreiðanleikakannanir sem tilkynningaskyldir aðilar ættu að íhuga að beita til að draga úr slíkri áhættu, þ.m.t. að taka upp viðeigandi verklag á borð við notkun greiningartóla dreifðar færsluskrártækni, til að finna uppruna eða ákvörðunarstað sýndareigna.
- 18) Þessi reglugerð ætti að gilda með fyrirvara um takmarkandi ráðstafanir einstakra landa og takmarkandi ráðstafanir Sambandsins sem lagðar eru á með reglugerðum sem byggðar eru á 215. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópu-sambandsins, s.s. reglugerðum (EB) nr. 2580/2001, (EB) nr. 881/2002 og ESB nr. 356/2010 og reglugerðum Ráðsins (ESB) nr. 267/2012⁽¹⁴⁾, (ESB) 2016/1686⁽¹⁵⁾ og (ESB) 2017/1509⁽¹⁶⁾, sem geta útheimt að greiðsluþjónustuveitendur greiðenda og viðtakanda greiðslna, þjónustuveitendur sýndareigna upphafsaðila og viðtakanda, greiðsluþjónustumiðlarar sem og þjónustumiðlarar sýndareigna geri viðeigandi ráðstafanir til að frysta tiltekna fjármuni og sýndareignir eða að þeir fylgi viðeigandi takmörkunum að því er varðar tilteknar millifærslur fjármuna eða sýndareigna. Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna ættu að hafa innri stefnur, verklag og eftirlit til að tryggja framkvæmd þessara takmarkandi ráðstafana þ.m.t. skimunarráðstafanir gagnvart listum Sambandsins og einstakra landa

⁽¹⁰⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. EB L 344, 28.12.2001, bls. 70).

⁽¹¹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tilteknar, sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum sem tengjast Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum (Stjtið. EB L 139, 29.5.2002, bls. 9).

⁽¹²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 356/2010 frá 26. apríl 2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu (Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 1).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 frá 20. september 2016 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 1).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1509 frá 30. ágúst 2017 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 329/2007 (Stjtið. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 1).

yfir tiltekna aðila. Evrópska bankaefirlitsstofnunin ætti að gefa út viðmiðunarreglur sem tilgreina þær innri stefnur, verklag og eftirlit. Gert er ráð fyrir að kröfurnar í þessari reglugerð um innri stefnur, verklag og eftirlit í tengslum við takmarkandi ráðstafanir verði felldar niður í náninni framtíð með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka.

- 19) Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að fara fram í fullu samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁷⁾. Frekari vinnsla persónuupplýsinga í viðskiptaskyni ætti að vera stranglega bönnuð. Öll aðildarríkin viðurkenna að baráttan gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka varði verulega hagsmuni almennings. Við beitingu þessarar reglugerðar skal miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands fara fram í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679. Mikilvægt er að ekki sé komið í veg fyrir að greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna, sem stunda starfsemi í fjölda lögsagnarumdæma í formi útibúa eða dótturfélaga utan Sambandsins, sendi upplýsingar um grunsamleg viðskipti innan sömu samstæðu, að því tilskildu að þeir geri fullnægjandi varúðarráðstafanir. Þar að auki ættu þjónustuveitendur sýndareigna upphafsaðila og viðtakanda, greiðsluþjónustuveitendur greiðanda og viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustumiðlara og þjónustumiðlara sýndareigna að hafa fullnægjandi tækniráðstafanir og ferla til að varna því að persónuupplýsingar glatist fyrir slysi, þeim breytt, þær birtar óleyfilega eða að óheimill aðgangur fáiast að þeim.
- 20) Aðilar sem einungis umbreyta pappírsskjölum í rafræn gögn og samkvæmt samningi við greiðsluþjónustuveitanda, og aðilar sem eingöngu láta greiðsluþjónustuveitanda í té samskiptakerfi eða önnur stoðkerfi vegna millifærslu fjár eða færsluvísunar- og uppgjörskerfi, ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 21) Aðilar sem veita aðeins viðbótarinnviði, s.s. veitendur net- og innviðþjónustu, skýjaþjónustu eða hugbúnaðarþróun, sem gera öðrum aðila kleift að veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar nema þeir framkvæmi millifærslur sýndareigna.
- 22) Reglugerð þessi ætti ekki að gilda um millifærslur sýndareigna frá einum aðila til annars sem gerðar eru án aðkomu þjónustuveitanda sýndareigna eða um tilvik þar sem bæði upphafsaðili og viðtakandi sýndareigna eru veitendur millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir sem koma fram fyrir eigin hönd.
- 23) Millifærslur fjármuna sem samsvara þjónustu sem um getur í a- til m-lið og o-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 ⁽¹⁸⁾ falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar. Einnig þykir rétt að undanskilja frá gildissviði reglugerðarinnar millifærslur fjármuna og rafeyristóka, eins og þeir eru skilgreindir í 7. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þar sem lítil hætta er á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Slíkar undanþágur ættu að ná yfir greiðslukort, rafeyrisbúnað, farsíma eða aðra stafræna tækni eða upplýsingatækni með samsvarandi eiginleika, sem felur í sér fyrirframgreiðslu eða eftirágreiðslu, ef notkunin er eingöngu í þeim tilgangi að kaupa vöru eða þjónustu og númer kortsins, gerningsins eða búnaðarins fylgir öllum færslum. Notkun greiðslukorts, rafeyrisbúnaðar, farsíma eða annarrar rafrænnar tækni eða upplýsingatækni með samsvarandi eiginleika sem felur í sér fyrirframgreiðslu eða eftirágreiðslu í þeim tilgangi að færa fjármuni eða rafeyristóka milli einstaklinga sem koma fram sem neytendur í öðrum tilgangi en verslun, viðskiptum eða atvinnustarfsemi fellur þó undir gildissvið þessarar reglugerðar. Að auki ætti að undanskilja frá gildissviði þessarar reglugerðar úttektir úr hraðbönkum, skattgreiðslur, sektir eða aðrar álögur, millifærslur fjármuna sem framkvæmdar eru með skiptum á myndum af ávísunum, þ.m.t. ávísanir sem gerðar eru upp rafrænt, eða víxlum og millifærslur fjármuna þar sem bæði greiðandi og viðtakandi greiðslu eru greiðsluþjónustuveitendur sem koma fram fyrir eigin hönd.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

- 24) Sýndareignir sem eru einkvæmar og ekki jafngengar (e. *fungible*) falla ekki undir kröfur þessarar reglugerðar nema þær séu flokkaðar sem sýndareignir eða fjármunir samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114.
- 25) Sýndareignahraðbankar gera notendum kleift að millifæra sýndareignir til sýndareignarvistfangs með því að leggja inn reiðufé, oft án nokkurrar staðfestingar á deili á viðskiptamönnum eða sannprófunar þeirra. Sýndareignahraðbankar eru í sérlega mikilli áhættu í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna þess að nafnleyndin sem þeir bjóða upp á og möguleikarnir á að notast við fé af óþekktum uppruna gera þá tilvalda fyrir ólöglega starfsemi. Í ljósi þess hlutverks sýndareignahraðbanka að veita eða auðvelda með virkum hætti millifærslur sýndareigna, ættu millifærslur sýndareigna sem tengjast sýndareignahraðbönkum að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 26) Til að endurspegla sérstaka eiginleika innlendra greiðslukerfa, og að því tilskildu að ávallt sé mögulegt að rekja millifærslu fjármuna aftur til greiðanda, ættu aðildarríki að geta undanskilið frá gildissviði þessarar reglugerðar tiltekna innlendar lágir millifærslur, þ.m.t. rafrænar girógreiðslur, sem eru gerðar í þeim tilgangi að kaupa vörur og þjónustu.
- 27) Vegna hins innbyggða landamæralausa eðlis og hnattræna umfangs millifærslna sýndareigna og veitingar sýndareignarþjónustu eru engar hlutlægar ástæður til að aðgreina meðferð áhættunnar á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í millifærslum innan lands frá millifærslum yfir landamæri. Til að endurspegla þessi sérkenni ætti ekki að veita undanþágu frá gildissviði þessarar reglugerðar vegna lágra innlendra millifærslna sýndareigna, í samræmi við kröfur fjármálaaðgerðahópsins um að fara með allar millifærslur sýndareigna eins og þær séu yfir landamæri.
- 28) Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna ættu að tryggja að upplýsingunum um greiðanda og viðtakanda greiðslu eða um upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna sé ekki sleppt eða þær ófullnægjandi.
- 29) Til að skaða ekki skilvirkni greiðslukerfa og til að draga úr hættu á því að millifærslur fari framhjá opinberum leiðum vegna of strangra krafna um auðkenningu, vegna mögulegrar hryðjuverkaógnar sem stafar af millifærslum á lágum fjárhæðum ætti, ef um er að ræða millifærslur fjármuna þar sem sannprófun hefur ekki enn verið gerð, aðeins að gera kröfu um að kanna hvort upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu séu nákvæmar að því er varðar stakar millifærslur fjármuna sem eru hærri en 1000 evrur, nema millifærslan virðist vera tengd öðrum millifærslum sem samtals myndu vera yfir 1000 evrum, tekið hafi verið við fjármununum eða þeir greiddir út í reiðufé eða nafnlausum rafeyri, eða ef gild ástæða er til að gruna að um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða.
- 30) Í samanburði við millifærslur fjármuna er hægt að framkvæma millifærslur sýndareigna þvert á lögsögu í meira umfangi og af meiri hraða vegna hnattrænnar víddar þeirra og tæknilegra eiginleika. Til viðbótar við gervinafnleynd sýndareigna bjóða þessi einkenni millifærslna sýndareigna brotamönnum upp á tækifæri til að framkvæma á miklum hraða stórar ólöglegar millifærslur þar sem þær fara framhjá rekjanleikaskyldum og komast hjá því að greinast, með því að skipta stórum millifærslum niður í minni upphæðir með notkun margra vistfanga dreifðrar færsluskrártækni sem virðast ótengd, m.a. einskiptis vistfanga dreifðrar færsluskrártækni, og nota sjálfvirk ferli. Flestar sýndareignir eru líka mjög óstöðugar og verðmæti þeirra getur flókt verulega á mjög stuttum tíma sem eykur óvissuna á útreikningum á tengdum viðskiptum. Til að endurspegla þessi sérkenni ættu millifærslur sýndareigna að lúta sömu kröfum án tillits til hver upphæð þeirra er og hvort þær eru innan lands eða yfir landamæri.

- 31) Vegna millifærslna fjármuna eða sýndareigna þar sem sannprófun er talin hafa farið fram ætti ekki að krefjast þess að greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna staðfesti réttleika upplýsinganna um greiðanda eða viðtakanda greiðslu sem fylgja hverri millifærslu fjármuna, eða upplýsinganna um upphafsaðila og viðtakanda sem fylgja hverri millifærslu sýndareigna, að því tilskildu að þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849 séu uppfylltar.
- 32) Í ljósi löggjafar Sambandsins að því er varðar greiðsluþjónustu, nánar tiltekið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012⁽¹⁹⁾, tilskipun (ESB) 2015/2366 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/1230⁽²⁰⁾ ætti að vera fullnægjandi að veita aðeins einfaldaðar upplýsingar með millifærslum fjármuna innan Sambandsins, s.s. númer greiðslureikninga eða sérstakt auðkenni færslu.
- 33) Til að gera yfirvöldunum sem bera ábyrgð á baráttunni gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka í þriðju löndum kleift að rekja uppruna fjármuna eða sýndareigna sem notaðir eru í þessum tilgangi ættu millifærslur fjármuna eða sýndareigna út úr Sambandinu til ríkja utan þess að innihalda fullnægjandi upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu að því er varðar millifærslur fjármuna og um upphafsaðila og viðtakanda að því er varðar millifærslur sýndareigna. Fullgerðar upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu ættu að hafa að geyma auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni), eða sambærilegt opinbert auðkenni, ef greiðandi hefur gefið greiðsluþjónustuveitanda sínum upp slíkt auðkenni, þar sem það myndi greiða fyrir auðkenningu þeirra aðila sem eiga hlut að millifærslu fjármunanna og gæti auðveldlega fylgt í fyrirliggjandi greiðsluskilaboðasniðum, eins og því sem Alþjóðlegu staðlasamtökin þróuðu fyrir rafræn gagnaskipti milli fjármálastofnana. Þau yfirvöld sem bera ábyrgð á baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðju löndum ættu eingöngu að fá aðgang að öllum upplýsingum um greiðanda og viðtakanda greiðslu, eða um upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna, eftir því sem við á, í því skyni að koma í veg fyrir, greina og rannsaka peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 34) Sýndareignir fyrirfinnast í landamæralausum sýndarveruleika og hægt er að millifæra þær til hvaða þjónustuveitanda sýndareigna sem er, hvort sem sá þjónustuveitandi er skráður í lögsögu eða ekki. Í mörgum lögsögum utan Sambandsins eru reglur um persónuvernd og framfylgd hennar ólíkar þeim sem gilda í Sambandinu. Við millifærslur sýndareigna fyrir hönd viðskiptavinar til þjónustuveitanda sýndareigna sem er ekki skráður í Sambandinu ætti þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðila að meta getu þjónustuveitanda sýndareigna viðtakanda til að taka við og varðveita þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679, og nota, eftir því sem við á, þá tiltæku valkosti sem gefnir eru upp í V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679. Evrópska persónuverndarráðið ætti, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, að gefa út viðmiðunarreglur um framkvæmd í reynd á persónuverndarkröfum við sendingu persónuupplýsinga til þriðju landa í tengslum við millifærslur sýndareigna. Sú staða gæti komið upp að ekki væri hægt að senda persónuupplýsingar vegna þess ekki væri hægt að fullnægja kröfum reglugerðar (ESB) 2016/679. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að gefa út viðmiðunarreglur um viðeigandi verklag við að ákvarða hvort í slíkum tilvikum ætti að framkvæma millifærslur sýndareigna, hafna þeim eða fresta.
- 35) Yfirvöld aðildarríkis, sem bera ábyrgð á baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, og viðeigandi dóms- og löggæsluyfirvöld í aðildarríkjunum og á vettvangi Sambandsins ættu að auka samvinnu sín á milli og við viðeigandi yfirvöld þriðju landa, þ.m.t. yfirvöld í þróunarlöndum, til að auka gagnsæi, upplýsingaskipti og bestu starfsvenjur enn frekar.
- 36) Þjónustuveitandi sýndareigna hjá upphafsaðilanum ætti að tryggja að millifærslum sýndareigna fylgi nafn upphafsaðila, vistfang dreifðrar færsluskrár hjá upphafsaðilanum, í þeim tilvikum þar sem millifærsla sýndareignanna er skráð á netkerfi með notkun dreifðrar færsluskrártækni eða svipaðrar tækni, númer sýndareignareiknings upphafsaðilans, í þeim tilvikum þar sem slíkur reikningur er til staðar og er notaður við vinnslu millifærslunnar, heimilisfang upphafsaðilans, að meðtöldu heiti landsins, númer á persónulegu opinberu skjali og viðskiptavinanúmer, eða, að öðrum kosti,

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2021/1230 frá 14. júlí 2021 um greiðslur yfir landamæri í Sambandinu (Stjtið. ESB L 274, 30.7.2021, bls. 20).

fæðingardagur og fæðingarstaður upphafsaðilans og, sé slíkur reitur í viðkomandi skilaboðasniði og hafi upphafsaðilinn gefið sínum þjónustuveitanda sýndareigna það upp, fyrirbyggjandi LEI-auðkenni eða, sé það ekki til staðar, annað tiltækt, sambærilegt, opinbert auðkenni upphafsaðilans. Leggja ætti upplýsingarnar fram á öruggan hátt og fyrir, eða á sama tíma eða samhliða, millifærslu sýndareignanna.

- 37) Þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðila ætti einnig að tryggja að millifærslum sýndareigna fylgi nafn viðtakanda, vistfang dreifðrar færsluskrár viðtakanda sýndareignanna, í þeim tilvikum þar sem millifærsla sýndareignanna er skráð á netkerfi með dreifða færsluskrártækni eða svipaða tækni, reikningsnúmer viðtakanda sýndareignanna, í þeim tilvikum þar sem slíkur reikningur er til staðar og er notaður við vinnslu millifærslunnar, og, sé slíkur reitur í viðkomandi skilaboðasniði og hafi upphafsaðilinn gefið sínum þjónustuveitanda sýndareigna það upp, fyrirbyggjandi LEI-auðkenni eða, sé það ekki til staðar, annað tiltækt, sambærilegt, opinbert auðkenni viðtakanda sýndareignanna. Leggja ætti upplýsingarnar fram á öruggan hátt og fyrir, eða á sama tíma eða samhliða, millifærslu sýndareignanna.
- 38) Að því er varðar millifærslur sýndareigna, ættu kröfur þessarar reglugerðar að gilda um allar millifærslur, einnig millifærslur sýndareigna til eða frá sjálfhýstu vistfangi, svo lengi sem einhver þjónustuveitandi sýndareigna kemur að þeim.
- 39) Þegar millifærslan er til eða frá sjálfhýstu vistfangi ætti þjónustuveitandi sýndareigna að afla upplýsinganna um bæði upphafsaðilann og viðtakandann, venjulega frá viðskiptavini sínum. Þjónustuveitandi sýndareigna ætti að meginreglu til ekki að þurfa að sannreyna upplýsingarnar um notanda sjálfhýsta vistfangsins. Engu að síður, þegar um er að ræða millifærslu hærri upphæðar en 1000 evrur sem er send eða tekið við fyrir hönd viðskiptavinar þjónustuveitanda sýndareigna til eða frá sjálfhýstu vistfangi, ætti sá þjónustuveitandi sýndareigna að sannreyna hvort það sjálfhýsta vistfang sé í rauninni í eigu og undir stjórn þess viðskiptavinar.
- 40) Að því er varðar millifærslur fjármuna frá einum greiðanda til margra viðtakenda greiðslna, sem senda á í bunkaskrá og innihalda einstakar greiðslur út úr Sambandinu til ríkja utan þess, ætti að kveða á um að slíkum stökum greiðslum fylgi aðeins númer greiðslureiknings greiðanda eða sérstakt auðkenni færslu auk fullnægjandi upplýsinga um viðtakanda greiðslu, að því tilskildu að bunkaskráin innihaldi sannprófaðar fullnægjandi upplýsingar um greiðanda og fullnægjandi rekjanlegar upplýsingar um viðtakanda greiðslu.
- 41) Að því er varðar millifærslur bunkaskrár sýndareigna ætti að samþykka sendar upplýsingar um upphafsaðilann og viðtakandann í bunkanum, svo lengi sem þær eru sendar án tafar og á öruggan hátt. Ekki ætti að vera heimilt að leggja fram tilskildar upplýsingar eftir millifærsluna þar sem upplýsingarnar þarf að leggja fram áður eða á sama tíma og millifærslan er gerð og þjónustuveitendur sýndareigna eða aðrir tilkynningaskyldir aðilar ættu að leggja fram tilskildar upplýsingar á sama tíma og millifærsla bunkaskrár sýndareigna er gerð.
- 42) Til að kanna hvort tilskildar upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu fylgi millifærslu fjármuna, og til að aðstoða við að greina grunsamleg viðskipti, ætti greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustumiðlari að hafa skilvirkt ferli til að greina hvort upplýsingar um viðtakanda greiðslu séu til staðar eða séu ófullnægjandi. Þessi ferli ættu að fela í sér vöktun eftir eða meðan á millifærslu stendur eftir því sem við á. Lögbær yfirvöld ættu að tryggja að greiðsluþjónustuveitendur láti tilskildar upplýsingar um færslu fylgja með millifærslu eða tengd skilaboð í gegnum allt greiðsluferlið.
- 43) Að því er varðar millifærslur sýndareigna ættu þjónustuveitendur sýndareigna viðtakanda að innleiða skilvirka ferla til að greina hvort upplýsingarnar um upphafsaðilann og viðtakandann vantar eða eru ófullnægjandi. Þessi ferli ættu að fela í sér, eftir því sem við á, vöktun eftir eða meðan á millifærslu stendur. Ekki er gerð krafa um að upplýsingarnar séu í beinu viðhengi við millifærslu sýndareignanna sjálfa, svo lengi sem þær eru lagðar fram fyrir, eða á sama tíma eða samhliða, millifærslu sýndareignanna og séu tiltækar að beiðni viðeigandi yfirvalda.

- 44) Vegna mögulegrar hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem stafar af nafnlausum millifærslum þykir rétt að krefjast þess að greiðsluþjónustuveitendur fari fram á upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu og að krefjast þess að þjónustuveitendur sýndareigna fari fram á upplýsingar um upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna. Í samræmi við áhættumiðaða aðferð fjármálaaðgerðahópsins þykir rétt að tilgreina svið þar sem er mikil og lítil áhætta í þeim tilgangi að taka með markvissari hætti á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þjónustuveitandi sýndareigna hjá viðtakanda sýndareigna, greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, greiðsluþjónustumiðlari og þjónustumiðlari sýndareigna ættu, til samræmis við framangreint, að hafa skilvirkt áhættumiðað verklag sem á við um millifærslu fjármuna þar sem viðeigandi upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu eru ekki til staðar, eða um millifærslu sýndareigna þar sem viðeigandi upplýsingar um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna vantar, til að gera þeim þjónustuveitanda kleift að taka ákvörðun um hvort framkvæma skuli, hafna eða fresta millifærslunni og til að taka ákvörðun um viðeigandi framhaldsaðgerð.
- 45) Þjónustuveitendur sýndareigna, eins og allir tilkynningarskyldir aðilar, ættu að meta og vakta þá áhættu sem tengist viðskiptavinum þeirra, vörum og afgreiðslurásum. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu einnig að meta áhættuna sem tengist færslum þeirra, þ.m.t. ef þeir framkvæma millifærslur til eða frá sjálfhýstum vistföngum. Ef þjónustuveitandi sýndareigna er eða verður þess áskynja að upplýsingarnar um upphafsaðilann eða viðtakanda sýndareignanna sem notar sjálfhýsta vistfangið eru ekki réttar, eða ef þjónustuveitandi sýndareigna verður var við óvenjuleg eða grunsamleg viðskiptamynstur eða aðstæður þar sem meiri hættu er á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við millifærslur með aðkomu sjálfhýstra vistfanga, ætti sá þjónustuveitandi sýndareigna, eftir því sem við á, að gera auknar ráðstafanir um áreiðanleikakannanir til að stýra og draga úr áhættunni á viðeigandi hátt. Þjónustuveitandi sýndareigna skal taka tillit til þessara aðstæðna þegar hann metur hvort millifærsla sýndareigna, eða tengd færsla, sé óvenjuleg og hvort tilkynna skuli um hana til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849.
- 46) Endurskoða ætti þessa reglugerð í samhengi við samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að aðildarríkin komi á ráðstöfunum gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi og niðurfellingu á tilskipun (ESB) 2015/849 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót yfirvaldi á sviði baráttunnar gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010, til að tryggja samræmi við viðeigandi ákvæði.
- 47) Við mat á áhættu ætti greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, greiðsluþjónustumiðlari, þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda eða þjónustumiðlari sýndareigna að sýna sérstaka aðgát ef hann verður var við að upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu eða um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna, eftir því sem við á, vantar eða eru ófullnægjandi eða ef millifærsla sýndareigna skal teljast grunsamleg miðað við uppruna eða ákvörðunarstað viðkomandi sýndareigna og ætti að tilkynna grunsamlegar færslur til lögbærra yfirvalda í samræmi við tilkynningarskylduna samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/849.
- 48) Svipað og við millifærslur fjármuna milli greiðsluþjónustuveitenda gætu millifærslur sýndareigna með aðkomu þjónustumiðlara sýndareigna greitt fyrir millifærslum sem millilið í keðju millifærslna sýndareigna. Í samræmi við alþjóðlega staðla ættu aðilar sem veita slíka miðlaraþjónustu einnig að falla undir þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð á sama hátt og gildandi skyldur á greiðsluþjónustumiðlara.
- 49) Ákvæðin um millifærslur fjármuna og millifærslur sýndareigna þar sem upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu eða upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna vantar eða eru ófullnægjandi, og þar sem millifærslur sýndareigna skulu teljast grunsamlegar miðað við uppruna eða ákvörðunarstað viðkomandi sýndareigna, gilda með fyrirvara um

skuldbindingar greiðsluþjónustuveitenda, greiðsluþjónustumiðlara, þjónustuveitenda sýndareigna og þjónustumiðlara sýndareigna til að hafna eða fresta millifærslum fjármuna og millifærslum sýndareigna sem brjóta gegn ákvæðum einkamála-, stjórnsýslu- eða refsiréttar.

- 50) Til að tryggja hlutleysi í tæknilegu tilliti ætti þessi reglugerð ekki að skylda til notkunar á einhverri ákveðinni tækni fyrir þjónustuveitendur sýndareigna að senda upplýsingar um millifærslur. Til að tryggja skilvirka framkvæmd krafna sem gilda um þjónustuveitendur sýndareigna samkvæmt þessari reglugerð skipta framtaksverkefni um setningu staðla sem snerta eða leidd eru af sýndareignaiðnaðinum sköpum. Lausnirnar sem þau leiða af sér ættu að vera virka saman með notkun alþjóðlegra staðla eða staðla sem gilda í öllu Sambandinu svo að upplýsingaskipti geti gengið hratt fyrir sig.
- 51) Í þeim tilgangi að aðstoða greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna við að koma á skilvirkum verklagsreglum til að greina tilvik þar sem þeir taka við millifærslum fjármuna eða millifærslum sýndareigna þar sem upplýsingar um greiðanda, viðtakanda greiðslu, upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna eru ekki til staðar eða eru ófullnægjandi og til að grípa til skilvirkra eftirfylgniaðgerða, ætti Evrópska bankaefirlitsstofnunin að gefa út viðmiðunarreglur.
- 52) Til að hægt sé að grípa til skjótra aðgerða í baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ættu greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna að bregðast skjótt við kröfum þeirra yfirvalda, sem bera ábyrgð á baráttunni gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka í aðildarríkinu þar sem viðkomandi greiðsluþjónustuveitendur hafa staðfestu eða þar sem þeir þjónustuveitendur sýndareigna hafa skráða skrifstofu, um upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu eða upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna.
- 53) Fjöldi vinnudaga sem líða í því aðildarríki sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur staðfestu ákvarðar fjölda daga sem hann hefur til þess að bregðast við beiðni um upplýsingar um greiðanda.
- 54) Þar sem það getur verið ómögulegt við sakamálarannsóknir að greina hvaða gagna þarf að afla og hvaða einstaklingar eru viðriðnir millifærslur, mörgum mánuðum, eða jafnvel árum, eftir að millifærsla fjármuna eða sýndareigna fór fram, og til að tryggja aðgang að nauðsynlegum sönnunargögnum í tengslum við rannsóknir, er viðeigandi að krefjast þess að greiðsluþjónustuveitendur eða þjónustuveitendur sýndareigna varðveiti gögn um greiðanda og viðtakanda greiðslu eða upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna í tiltekinn tíma til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Takmarka ætti það tímabil við fimm ár en eftir það ætti að eyða öllum persónuupplýsingum nema landslög kveði á um annað. Ef nauðsynlegt er í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, greina eða rannsaka peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, að undangengnu mati á nauðsyn og meðalhófi, ættu aðildarríki að geta heimilað eða farið fram á frekari varðveislu gagna, sem ekki skal vara lengur en fimm ár, með fyrirvara um innlendan refsirétt um sönnunargögn sem eiga við um áframhaldandi rannsókn sakamála og málaferli og í fullu samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ⁽²¹⁾. Þær ráðstafanir kunna að verða endurskoðaðar í ljósi samþykktar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka.
- 55) Til þess að kröfum þessarar reglugerðar sé betur fylgt, og í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 2010 sem ber heitið „Efling fyrirkomulags um viðurlög á sviði fjármálaþjónustu“, ætti að auka valdheimildir lögbærra yfirvalda til að samþykkja eftirlitsráðstafanir og til að leggja á viðurlög. Kveða ætti á um stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir og aðildarríki ættu, vegna mikilvægis baráttunnar gegn peningabætti og fjármögnunar hryðjuverka, að mæla fyrir um viðurlög og ráðstafanir sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríki ættu að tilkynna framkvæmdastjórninni og innri fastanefndinni um baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem um getur í 7. mgr. 9. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, um það.

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

- 56) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²²⁾.
- 57) Nokkur lönd og yfirráðasvæði, sem eru ekki hluti af yfirráðasvæði Sambandsins, eru í myntbandalagi með aðildarríki, mynda hluta af myntsvæði aðildarríkis eða hafa undirritað myntskuldbindingu gagnvart Sambandinu, fyrir milligöngu aðildarríkis sem kemur fram fyrir hönd Sambandsins, og hafa greiðsluþjónustuveitendur sem taka beinan eða óbeinan þátt í greiðslu- og uppgjörskerfi þess aðildarríkis. Til að komast hjá því að beiting þessarar reglugerðar vegna millifærslu fjármuna milli hlutaðeigandi aðildarríkja og þessara landa eða yfirráðasvæða hafi veruleg neikvæð áhrif á efnahag þessara landa eða yfirráðasvæða þykir rétt að kveða á um möguleikann á að meðhöndla slíkar millifærslur sem millifærslur fjármuna innan hlutaðeigandi aðildarríkja.
- 58) Í ljósi mögulega mikillar áhættu sem tengist sjálfhýstum vistföngum og hins tæknilega og stjórnsýslulega flækjustígs sem tengist þeim, m.a. í tengslum við sannprófun á upplýsingum um eignarhald, ætti framkvæmdastjórnin að meta, fyrir 1. júlí 2026, þörfina á sértækum viðbótarráðstöfunum til að draga úr áhættunni sem stafar af millifærslum til eða frá sjálfhýstum vistföngum eða til eða frá aðilum sem ekki hafa staðfestu í Sambandinu, þ.m.t. innleiðingu á hugsanlegum takmörkunum, og ætti að meta skilvirkni og meðalhóf kerfanna sem notuð eru til að sannprófa hvort upplýsingar um eignarhald á sjálfhýstum vistföngum séu réttar.
- 59) Sem stendur gildir tilskipun (ESB) 2015/849 aðeins um tvo flokka þjónustuveitenda sýndareigna, þ.e. þjónustuveitendur stafrænna veskja og þjónustuveitendur sem stunda gjaldeyrisviðskipti á milli sýndarfjár og gjaldmiðla. Til að loka núverandi glufum í rammanum um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og til að aðlagða lög Sambandsins að alþjóðlegum tilmælum ætti að breyta tilskipun (ESB) 2015/849 þannig að hún taki til allra flokka þjónustuveitenda sýndareigna eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð (ESB) 2023/1114 sem nær yfir breiðara svið þjónustuveitenda sýndareigna. Einkum þykir rétt, með það fyrir augum að tryggja að þjónustuveitendur sýndareigna falli undir sömu kröfur og sama stig eftirlits og lána- og fjármálastofnanir, að uppfæra skrána yfir tilkynningarskylda aðila með því að bæta þjónustuveitendum sýndareigna við flokk fjármálastofnana að því er varðar tilskipun (ESB) 2015/849. Að auki, að teknu tilliti til þess að hefðbundnar fjármálastofnanir falla einnig undir skilgreininguna á þjónustuveitendum sýndareigna þegar þeir bjóða slíka þjónustu, gerir tilgreining á þjónustuveitendum sýndareigna sem fjármálastofnanir kleift að hafa einn samræmdan bálk reglna sem gildir um aðila sem veita bæði hefðbundna fjármálaþjónustu og þjónustu á sviði sýndareigna. Einnig ætti að breyta tilskipun (ESB) 2015/849 til að tryggja að þjónustuveitendur sýndareigna geti á viðeigandi hátt dregið úr áhættu sem þeir standa frammi fyrir vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka.
- 60) Tengsl sem komið er á milli þjónustuveitenda sýndareigna og aðila með staðfestu í þriðju löndum í þeim tilgangi að framkvæma millifærslur sýndareigna eða veita svipaða þjónustu á sviði sýndareigna eru svipuð millibankaviðskiptum sem komið er á við gagnaðila í þriðja landi. Þar sem þessi tengsl einkennast af viðvarandi og endurteknum samskiptum ætti að líta á þau sem tegund millibankaviðskipta og þau ættu að falla undir sértækar, auknar ráðstafanir um áreiðanleikakönnun sem eru að meginreglu til sambærilegar þeim sem beitt er í tengslum við banka- og fjármálaþjónustu. Einkum ættu þjónustuveitendur sýndareigna, þegar þeir stofna til nýrra millibankaviðskipta við gagnaðila, að beita sértækum, auknum ráðstöfunum um áreiðanleikakönnun til að greina og meta áhættu þessa verkbeiddanda, á grundvelli orðspors hans, gæða eftirlits og eftirlits hans í baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er ættu þjónustuveitendur sýndareigna í millibankatengslum að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, sem ættu einkum að taka tillit til hugsanlegrar aukinnar hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka af völdum aðila sem eru ekki skráðir og ekki með starfsleyfi. Þetta er einkum mikilvægt svo lengi sem

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjana með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

framkvæmd staðla fjármálaaðgerðahópsins varðandi sýndareignir á heimsvísu er ólík, en það felur í sér viðbótaráhættu og -áskoranir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að veita leiðbeiningar um hvernig þjónustuveitendur sýndareigna ættu að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun og tilgreina viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, þ.m.t. lágmarksaðgerð sem grípa skal til, þegar þeir eiga samskipti við aðila sem eru ekki skráðir eða ekki með starfsleyfi sem veita þjónustu á sviði sýndareigna.

- 61) Með reglugerð (ESB) 2023/1114 var komið á heildstæðum regluramma fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem samræmir reglurnar sem varða starfsleyfisveitingu og rekstur þjónustuveitenda sýndareigna í Sambandinu öllu. Til að komast hjá tvítekningu krafna ætti að breyta tilskipun (ESB) 2015/849 til að fjarlægja skráningarkröfur í tengslum við þá flokka þjónustuveitenda sýndareigna sem munu falla undir eitt leyfisveitingakerfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114.
- 62) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að berjast gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. með því að taka upp alþjóðlega staðla og með því að tryggja aðgengileika grundvallarupplýsinga um greiðendur og viðtakendur greiðslna við millifærslur fjármuna og um upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna við millifærslur sýndareigna, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil eða hefur víðtæk áhrif, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðar-regluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 63) Þessi reglugerð fellur undir reglugerð (ESB) 2016/679 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽²³⁾. Í henni eru virt grundvallarréttindi og meginreglur sem viðurkenndar eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu (7. gr.), réttur til verndar persónuupplýsingum (8. gr.), réttur til skjótrar og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi (47. gr.) og meginregla um bann við tvöfaldri refsingu.
- 64) Til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) 2023/1114 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda. Fyrir þann dag ættu aðildarríkin einnig að lögleiða breytingarnar á tilskipun (ESB) 2015/849.
- 65) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún álit 22. september 2021 ⁽²⁴⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um upplýsingar um greiðendur og viðtakendur greiðslna sem fylgja millifærslum fjármuna, í öllum gjaldmiðlum, og upplýsingar um upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna sem fylgja millifærslum sýndareigna, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, greina og rannsaka peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, ef a.m.k. einn þeirra greiðsluþjónustuveitenda eða þjónustuveitenda sýndareigna sem tengjast millifærslu fjármuna eða millifærslu sýndareigna hefur staðfestu eða skráða skrifstofu sína, eftir því sem við á, í Sambandinu. Auk þess eru í þessari reglugerð settar reglur um innri stefnur, verklagsreglur og eftirlit til að tryggja framkvæmd takmarkandi ráðstafana ef a.m.k. einn af þeim greiðsluþjónustuveitendum eða þjónustuveitendum sýndareigna sem koma að millifærslu fjármuna eða sýndareigna hefur staðfestu eða skráða skrifstofu sína, eftir því sem við á, í Sambandinu.

⁽²³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

⁽²⁴⁾ Stjtið. ESB C 524, 29.12.2021, bls. 10.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um millifærslur fjármuna, í hvaða gjaldmiðli sem er, sem eru sendar eða móttæknar af greiðsluþjónustuveitanda, eða greiðsluþjónustumiðlara, sem hefur staðfestu í Sambandinu. Hún gildir líka um millifærslur sýndareigna, þ.m.t. millifærslur sýndareigna sem gerðar eru í gegnum sýndareignahraðbanka, þar sem þjónustuveitandi sýndareigna eða þjónustumiðlari sýndareigna, annað hvort upphafsaðila eða viðtakanda hafa skráða skrifstofu í Sambandinu.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um þjónustu sem skráð er í a- til m-lið og o-lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366.

3. Reglugerð þessi gildir ekki um millifærslur fjármuna eða millifærslur rafeyristóka, eins og þeir eru skilgreindir í 7. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, sem framkvæmdar eru með greiðslukorti, rafeyrisbúnaði, farsíma eða annars konar stafrænum búnaði eða upplýsingatæknibúnaði, sem er fyrirfram- eða eftirágreiddur og hefur samsvarandi eiginleika, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) kortið eða búnaðurinn er eingöngu notaður til að greiða fyrir vörur og þjónustu og

b) númer kortsins eða búnaðarins fylgir öllum millifærslum sem leiða af færslunni.

Reglugerð þessi gildir þó um notkun greiðslukorts, rafeyrisbúnaðar, farsíma, annars stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar, sem felur í sér fyrirframgreiðslu eða eftirágreiðslu, með samsvarandi eiginleika, í þeim tilgangi að færa fjármuni milli einstaklinga sem koma fram sem neytendur í öðrum tilgangi en í verslun, viðskiptum eða atvinnustarfsemi.

4. Reglugerð þessi gildir ekki um aðila sem hafa eingöngu það hlutverk að umbreyta pappírsskjölum í rafræn gögn samkvæmt samningi við greiðsluþjónustuveitanda eða um aðila sem einungis láta greiðsluþjónustuveitendum í té samskiptakerfi eða önnur stoðkerfi vegna millifærslu fjármuna eða færsluvísunar- og uppgjörskerfi.

Reglugerð þessi gildir ekki um millifærslu fjármuna þar sem eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

a) hún felur í sér úttekt greiðanda á reiðufé af eigin greiðslureikningi,

b) hún felur í sér millifærslu fjármuna til opinbers yfirvalds til að greiða skatta, sektir eða aðrar álögur innan aðildarríkis,

c) bæði greiðandi og viðtakandi greiðslu eru greiðsluþjónustuveitendur sem koma fram fyrir eigin hönd,

d) hún er framkvæmd með skiptum á myndum af ávísunum, þ.m.t. ávísanir sem eru gerðar upp rafrænt.

Reglugerð þessi gildir ekki um millifærslu sýndareigna þar sem eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

a) bæði upphafsaðili og viðtakandi sýndareigna eru þjónustuveitendur sýndareigna sem koma fram fyrir eigin hönd,

b) millifærslan felur í sér millifærslu sýndareigna frá aðila til aðila án aðkomu þjónustuveitanda sýndareigna.

Rafeyristókar, eins og þeir eru skilgreindir í 7. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu meðhöndlaðir eins og sýndareignir samkvæmt þessari reglugerð.

5. Aðildarríki getur ákveðið að beita ekki þessari reglugerð þegar um er að ræða millifærslur fjármuna innan yfirráðasvæðis þess á greiðslureikning viðtakanda greiðslu og eingöngu er um að ræða greiðslu fyrir vörur eða þjónustu þar sem öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu fellur undir tilskipun (ESB) 2015/849,
- b) greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu getur, fyrir milligöngu viðtakanda rakið, með sérstöku auðkenni færslu, millifærslu fjármuna frá þeim aðila sem hefur gert samkomulag við viðtakanda um veitingu vöru eða þjónustu,
- c) fjárhæð millifærslu fjármuna er ekki hærri en 1000 evrur.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „fjármögnun hryðjuverka“: fjármögnun hryðjuverka eins og hún er skilgreind í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,
- 2) „peningaþvætti“: starfsemi tengd peningaþvætti sem um getur í 3. og 4. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,
- 3) „greiðandi“: aðili sem á greiðslureikning og heimilar millifærslu fjármuna af þeim reikningi eða, ef ekki er um greiðslureikning að ræða, gefur fyrimæli um millifærslu fjármuna,
- 4) „viðtakandi greiðslu“: aðili sem er fyrirhugaður viðtakandi millifærslu fjármuna,
- 5) „greiðsluþjónustuveitandi“: þeir flokkar greiðsluþjónustuveitenda sem um getur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, einstaklingar eða lögaðilar sem hafa fengið undanþágu skv. 32. gr. hennar og lögaðilar, sem hafa fengið undanþágu skv. 9. gr. tilskipunar 2009/110/EB, sem veita þjónustu á sviði millifærslu fjármuna,
- 6) „greiðsluþjónustumiðlari“: greiðsluþjónustuveitandi sem er hvorki greiðsluþjónustuveitandi greiðanda né viðtakanda greiðslu og móttækur og sendir millifærslu fjármuna fyrir hönd greiðsluþjónustuveitanda greiðanda eða viðtakanda greiðslu eða annars greiðsluþjónustumiðlara,
- 7) „greiðslureikningur“: greiðslureikningur eins og hann er skilgreindur í 12. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
- 8) „fjármunir“: fjármunir eins og þeir eru skilgreindir í 25. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
- 9) „millifærsla fjármuna“: hvers konar færsla sem er a.m.k. að hluta til framkvæmd rafrænt fyrir hönd greiðanda fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda, í þeim tilgangi að gera fjármuni aðgengilega viðtakanda, án tillits til þess hvort greiðandi og viðtakandi greiðslu séu sami aðili og án tillits til þess hvort greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og viðtakanda greiðslu séu sami aðili, þ.m.t.:
 - a) millifærsla fjármuna eins og hún er skilgreind er í 24. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
 - b) beingreiðsla eins og hún er skilgreind er í 23. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
 - c) peningasending eins og hún er skilgreind í 22. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, hvort sem hún er innan lands eða yfir landamæri,

- d) millifærsla sem framkvæmd er með greiðslukorti, rafeyrisbúnaði, farsíma eða annars konar stafrænum búnaði eða upplýsingatækniþúnaði, sem er fyrirfram- eða eftirágreiðd og hefur samsvarandi eiginleika,
- 10) „millifærsla sýndareigna“: hvers konar færsla sem miðar að því að færa sýndareignir frá einu vistfangi dreifðrar færsluskrár, einum sýndareignareikningi, eða öðrum búnaði til geymslu sýndareigna, til annars, framkvæmd af a.m.k. einum þjónustuveitanda sýndareigna sem kemur fram fyrir hönd annað hvort upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna, án tillits til þess hvort upphafsaðilinn og viðtakandinn séu sami aðili og án tillits til hvort þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðila og viðtakanda séu sami aðilinn,
- 11) „millifærsla bunkaskrár“: margar stakar millifærslur fjármuna eða millifærslur sýndareigna sem safnað er saman til sendingar,
- 12) „sérstakt auðkenni færslu“: samsetning bókstafa, tölustafa eða tákna sem greiðsluþjónustuveitandi ákvarðar, í samræmi við samskiptareglur greiðslu- og uppgjörskerfa eða samskiptakerfa sem notuð eru til að millifæra fjármuni, eða þjónustuveitandi sýndareigna ákvarðar, sem gerir kleift að rekja færsluna til greiðanda og viðtakanda greiðslu eða gerir kleift að rekja millifærslu sýndareignanna til upphafsaðila og viðtakanda hennar,
- 13) „millifærsla sýndareigna frá einum aðila til annars“: millifærsla sýndareigna án aðkomu nokkurs þjónustuveitanda sýndareigna,
- 14) „sýndareign“: sýndareign eins og hún er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, nema þar sem hún fellur undir þá flokka sem taldir eru upp í 2., 3. og 4. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar eða telst á annan hátt til fjármuna,
- 15) „þjónustuveitandi sýndareigna“: þjónustuveitandi sýndareigna eins og hann er skilgreindur í 15. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 þar sem hann framkvæmir eina eða fleiri þjónustu á sviði sýndareigna eins og hún er skilgreind í 16. lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar,
- 16) „þjónustumiðlari sýndareigna“: þjónustuveitandi sýndareigna sem er hvorki þjónustuveitandi sýndareigna fyrir upphafsaðila né viðtakanda sýndareigna og móttækur og áframsendir millifærslu sýndareigna fyrir hönd þjónustuveitanda sýndareigna upphafsaðila eða viðtakanda eða annars þjónustumiðlara sýndareigna,
- 17) „sýndareignahraðbankar“: raunlægar stöðvar eða rafrænar stöðvar á netinu sem gera þjónustuveitanda sýndareigna kleift einkum að framkvæma aðgerðir millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir, eins og um getur í j-lið 16. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,
- 18) „vistfang dreifðrar færsluskrár“: alstafakóði sem auðkennir vistfang á neti með notkun dreifðar færsluskrártækni (DFT) eða svipaðrar tækni sem nota má til sendingar eða móttöku sýndareigna,
- 19) „sýndareignareikningur“: reikningur hjá þjónustuveitanda sýndareigna á nafni eins eða fleiri einstaklinga eða lögaðila og sem hægt er að nota við framkvæmd millifærslna sýndareigna,
- 20) „sjálfhýst vistfang“: vistfang dreifðrar færsluskrár sem tengist hvorugu af eftirfarandi:
- a) þjónustuveitanda sýndareigna,
- b) aðila sem er með staðfestu utan Sambandsins og veitir svipaða þjónustu og þjónustuveitandi sýndareigna,

- 21) „upphafsaðili“: aðili sem hefur sýndareignareikning hjá þjónustuveitanda sýndareigna, vistfang dreifðrar færsluskrár eða búnað sem gerir kleift að geyma sýndareignir, og heimilar millifærslu sýndareigna frá þeim reikningi, vistfangi dreifðrar færsluskrár eða búnaði, eða ef enginn slíkur reikningur, vistfang dreifðrar færsluskrár eða búnaður er til staðar, aðili sem gefur fyrirmæli um eða stofnar til millifærslu sýndareigna,
- 22) „viðtakandi sýndareigna“: aðili sem er fyrirhugaður viðtakandi millifærslu sýndareigna,
- 23) „auðkenni lögaðila“ eða „LEI-auðkenni“: einkvæmur alstafatilvísunarkóði sem byggist á ISO-staðli 17442 og úthlutað er lögaðila,
- 24) „dreifð færsluskrártækni“ eða „DFT“: dreifð færsluskrártækni eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2023/1114.

II. KAFLI

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda

1. þáttur

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda greiðanda

4. gr.

Upplýsingar sem fylgja millifærslu fjármuna

1. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar um greiðanda fylgi með millifærslum fjármuna:
- a) nafn greiðanda,
 - b) greiðslureikningsnúmer greiðanda,
 - c) heimilisfang greiðanda, þ.m.t. heiti landsins, númer á persónulegu opinberu skjali og viðskiptavinanúmer, eða, að öðrum kosti, fæðingardagur og fæðingarstaður greiðanda, og
 - d) sé reitur fyrir það í viðkomandi greiðsluskilaboðasniði og hafi greiðandinn gefið greiðsluþjónustuveitanda sínum það upp, fyrirleggjandi LEI-auðkenni eða, sé það ekki til staðar, annað tiltækt, sambærilegt, opinbert auðkenni upphafsaðilans.
2. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar um viðtakanda greiðslu fylgi með millifærslum fjármuna:
- a) nafn viðtakanda greiðslu,
 - b) greiðslureikningsnúmer viðtakanda greiðslu og
 - c) sé reitur fyrir það í viðkomandi greiðsluskilaboðasniði og hafi greiðandinn gefið greiðsluþjónustuveitanda sínum það upp, fyrirleggjandi LEI-auðkenni eða, sé það ekki til staðar, annað tiltækt, sambærilegt, opinbert auðkenni upphafsaðilans.

3. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, ef um er að ræða millifærslu sem ekki er af eða inn á greiðslureikning, sjá til þess að millifærslu fjármuna fylgi sérstakt auðkenni færslu í staðinn fyrir númer greiðslureiknings.
4. Áður en fjármunir eru millifærðir skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sannprófa hvort þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. og, eftir atvikum, 3. mgr. séu réttar á grundvelli skjala, gagna eða upplýsinga frá áreiðanlegri og óháðri heimild.
5. Sannprófun eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar telst hafa farið fram ef eitt af eftirtöldu á við:
 - a) deili á greiðanda hafa verið staðfest í samræmi við 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og upplýsingar sem fást samkvæmt þeirri sannprófun eru varðveittar í samræmi við 40. gr. þeirrar tilskipunar eða
 - b) ákvæði 5. mgr. 14. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 gilda um greiðandann.
6. Þrátt fyrir undanþágurnar sem kveðið er á um í 5. og 6. gr. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda ekki framkvæma millifærslu fjármuna fyrr en hann hefur tryggt að ákvæði þessarar greinar séu uppfyllt.

5. gr.

Millifærslur fjármuna innan Sambandsins

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 4. gr. skal, ef allir greiðsluþjónustuveitendur sem koma að greiðsluferlinu hafa staðfestu í Sambandinu, a.m.k. númer greiðslureiknings bæði greiðanda og viðtakanda greiðslu eða, ef 3. mgr. 4. gr. gildir, sérstakt auðkenni færslu fylgja millifærslum fjármuna, án þess að hafa áhrif á kröfur um upplýsingar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 260/2012, eftir atvikum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, innan þriggja virkra daga frá móttöku beiðni um upplýsingar frá greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu, eða greiðsluþjónustumiðlara:
 - a) þegar um er að ræða millifærslur fjármuna sem eru hærri en 1000 evrur, hvort sem slíkar millifærslur eru framkvæmdar með einni færslu eða í mörgum færslum sem virðast vera tengdar, veita upplýsingarnar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu í samræmi við 4. gr.,
 - b) þegar um er að ræða millifærslur fjármuna sem eru ekki hærri en 1000 evrur, sem virðast ekki vera tengdar öðrum millifærslum fjármuna sem, ásamt umræddri millifærslu, eru hærri en 1000 evrur, veita a.m.k. upplýsingar um:
 - i. nafn greiðanda og viðtakanda greiðslu og
 - ii. númer greiðslureiknings greiðanda og viðtakanda greiðslu eða, ef 3. mgr. 4. gr. gildir, sérstakt auðkenni færslunnar.
3. Þrátt fyrir 4. mgr. 4. gr. þarf greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, ef um er að ræða millifærslur fjármuna sem um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar, ekki að sannprófa upplýsingar um greiðanda nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda:
 - a) hafi tekið við fjármununum sem skal millifæra í reiðufé eða í nafnlausum rafeyri eða
 - b) hafi gilda ástæðu til að gruna að um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða.

6. gr.

Millifærsla fjármuna út fyrir Sambandið

1. Ef um er að ræða millifærslu á bunkaskrá á greiðslum sem stafa frá einum greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur staðfestu utan Sambandsins eiga ákvæði 1. mgr. 4. gr. ekki við um hverja einstaka greiðslu að því tilskildu að bunkaskráin innihaldi þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. mgr. 4. gr., upplýsingarnar hafi verið sannprófaðar í samræmi við 4. og 5. mgr. 4. gr. og að hver einstök greiðsla innihaldi númer greiðslureiknings greiðanda eða, ef 3. mgr. 4. gr. á við, sérstakt auðkenni greiðslu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr., og þar sem við á, að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 260/2012, skulu, ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu hefur staðfestu utan Sambandsins, við millifærslur fjármuna sem eru ekki hærri en 1000 evrur og sem ekki virðast vera tengdar öðrum millifærslum fjármuna sem ásamt umræddri millifærslu er hærri en 1000 evrur, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fylgja millifærslum fjármuna:

- a) nafn greiðanda og viðtakanda greiðslu og
- b) númer greiðslureiknings greiðanda og viðtakanda greiðslu eða, ef 3. mgr. 4. gr. gildir, sérstakt auðkenni færslunnar.

Þrátt fyrir 4. mgr. 4. gr. þarf greiðsluþjónustuveitandi greiðanda ekki að sannprófa upplýsingarnar um greiðanda, sem um getur í þessari málsgrein, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda:

- a) hafi tekið við fjármuninum sem skal millifæra í reiðufé eða í nafnlausum rafeyri eða
- b) hafi gilda ástæðu til að gruna að um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða.

2. þáttur

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu

7. gr.

Greining upplýsinga sem vantar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu

1. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal koma á skilvirku verklagi til að sannreyna hvort viðeigandi upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu hafi verið fylltar út í samskipta- eða greiðsluuppgjörskerfinu sem er notað til að millifæra fjármuni, með því að nota þau rittákn eða innslátt sem viðkomandi kerfi heimila.

2. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal koma á skilvirku verklagi, þ.m.t. eftir því sem við á, eftirlit eftir eða meðan á millifærslu stendur, til að sannreyna hvort eftirfarandi upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu vanti:

- a) upplýsingar sem um getur í 5. gr. að því er varðar millifærslur fjármuna þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur staðfestu í Sambandinu,
- b) upplýsingar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og a- og b-lið 2. mgr. 4. gr. að því er varðar millifærslur fjármuna þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur staðfestu utan Sambandsins,
- c) upplýsingar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og a- og b-lið 2. mgr. 4. gr. að því er varðar millifærslu bunkaskrár þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur staðfestu utan Sambandsins.

3. Ef um er að ræða millifærslur fjármuna sem eru hærri en 1000 evrur, hvort sem þessar millifærslur eru framkvæmdar með einni færslu eða mörgum færslum sem virðast vera tengdar, skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, áður en hann færir greiðslu til tekna á reikning viðtakanda eða gerir honum fjármunina aðgengilega, sannprófa hvort upplýsingar um viðtakanda greiðslu, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, séu réttar á grundvelli skjala, gagna eða upplýsinga frá áreiðanlegri og óháðri heimild, án þess að hafa áhrif á kröfurnar sem mælt er fyrir um í 83. og 84. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366.

4. Ef um er að ræða millifærslur fjármuna sem eru ekki hærri en 1000 evrur og virðast ekki tengjast öðrum millifærslum fjármuna sem, ásamt umræddri millifærslu, eru hærri en 1000 evrur, þarf greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ekki að sannprófa réttleika upplýsinga um viðtakanda greiðslu nema greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu:

- a) hafi áhrif á útgreiðslu fjármuna í reiðufé eða nafnlausum rafeyri eða
- b) hafi gilda ástæðu til að gruna að um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða.

5. Sannprófun eins og um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar telst hafa farið fram ef eitt af eftirtöldu á við:

- a) deili á viðtakanda greiðslu hafa verið staðfest í samræmi við 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og upplýsingar sem fást samkvæmt þeirri sannprófun eru varðveittar í samræmi við 40. gr. þeirrar tilskipunar eða
- b) ákvæði 5. mgr. 14. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 gilda um viðtakanda greiðslu.

8. gr.

Millifærsla fjármuna þar sem upplýsingar vantar eða þar sem upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu eru ófullnægjandi

1. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal koma á skilvirku áhættumiðuðu verklagi, þ.m.t. verklagi á grundvelli áhættumats sem um getur í 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, til að ákvarða hvort hann eigi að framkvæma, hafna eða fresta millifærslu fjármuna þar sem tilskildar upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu eru ekki fyrir hendi og til að grípa til viðeigandi framhaldsaðgerða.

Verði greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu þess var þegar hann tekur við millifærslu fjármuna að upplýsingar sem um getur í 4. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.), 4. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) 5. gr. (1. mgr.) eða 6. gr. vanti eða séu ófullnægjandi, eða ekki hafi verið fyllt út með þeim rittáknum eða innslætti sem heimill er í viðkomandi samskipta- eða greiðsluuppgjörskerfi skv. 1. mgr. 7. gr., skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, í samræmi við áhættumat:

- a) hafna millifærslunni eða
- b) óska eftir tilskildum upplýsingum um greiðanda og viðtakanda greiðslu áður en eða eftir að hann færir greiðslu til tekna á reikning viðtakanda eða gerir fjármunina aðgengilega honum.

2. Ef greiðsluþjónustuveitandi vanrækir ítrekað að veita tilskildar upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu:

- a) gera ráðstafanir, sem geta í fyrstu falið í sér að gefa út viðvaranir og setja fresti, áður en hann hafnar, takmarkar eða slítur tengslum í samræmi við b-lið ef umbeðnar upplýsingar eru enn ekki veittar eða
- b) hafna beint hvers kyns framtíðarmillifærslum fjármuna frá viðkomandi greiðsluþjónustuveitanda eða takmarka eða slíta viðskiptatengslum við þann greiðsluþjónustuveitanda.

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal skýra lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti með fylgni við ákvæði um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, frá því ef upplýsingarnar eru ekki veittar og frá þeim aðgerðum sem hann hefur gripið til.

9. gr.

Mat og skýrslugjöf

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal taka tillit til þess hvort upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu vanti eða hvort þær séu ófullnægjandi þegar hann metur hvort millifærsla fjármuna, eða tengd færsla, sé grunsamleg og hvort tilkynna skuli um hana til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849.

3. þáttur

Skyldur greiðsluþjónustumiðlara

10. gr.

Varðveisla upplýsinga um greiðanda og viðtakanda greiðslu sem fylgja millifærslu

Greiðsluþjónustumiðlarar skulu sjá til þess að allar upplýsingar sem þeir taka við um greiðanda og viðtakanda greiðslu, sem fylgja millifærslu fjármuna, séu varðveittar með millifærslunni.

11. gr.

Greining upplýsinga sem vantar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu

1. Greiðsluþjónustumiðlari skal koma á skilvirku verklagi til að sannreyna hvort búið sé að fylla út í upplýsingareitina sem varða greiðanda og viðtakanda greiðslu í því samskipta- eða greiðsluuppgjörskerfi sem notað er til að millifæra fjármuni, með því að nota rittáknin eða innsláttinn sem viðkomandi kerfi heimilar.
2. Greiðsluþjónustumiðlari skal koma á skilvirku verklagi, þ.m.t. eftir því sem við á, eftirlit eftir eða meðan á millifærslu stendur, til að sannreyna hvort eftirfarandi upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu vanti:
 - a) upplýsingar sem um getur í 5. gr. að því er varðar millifærslur fjármuna þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og viðtakanda greiðslu hafa staðfestu í Sambandinu,
 - b) upplýsingar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og a- og b-lið 2. mgr. 4. gr. að því er varðar millifærslur fjármuna þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða móttakanda greiðslu hefur staðfestu utan Sambandsins,
 - c) upplýsingar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og a- og b-lið 2. mgr. 4. gr. að því er varðar millifærslu bunkaskrár þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda greiðslu hefur staðfestu utan Sambandsins.

12. gr.

Millifærslur fjármuna þar sem upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu eru ekki fyrir hendi

1. Greiðsluþjónustumiðlari skal koma á skilvirku áhættumiðuðu verklagi til að ákvarða hvort hann skuli framkvæma, hafna eða fresta millifærslu fjármuna ef tilskildar upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu eru ekki fyrir hendi og til að grípa til viðeigandi framhaldsaðgerða.

Verði greiðsluþjónustumiðlari þess var þegar hann tekur við millifærslu fjármuna að upplýsingar sem um getur í 4. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.), 4. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) 5. gr. (1. mgr.) eða 6. gr. vanti eða hafi ekki verið fyllt út með þeim rittáknum eða innslætti sem heimill er í viðkomandi samskipta- eða greiðsluuppgjörskerfi eins og um getur í 1. mgr. 7. gr., skal sá greiðsluþjónustumiðlari, í samræmi við áhættumat:

- a) hafna millifærslunni eða
- b) óska eftir tilskildum upplýsingum um greiðanda og viðtakanda greiðslu fyrir eða eftir millifærslu fjármunanna.

2. Ef greiðsluþjónustuveitandi vanrækir ítrekað að veita tilskildar upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu skal greiðsluþjónustumiðlari:

- a) gera ráðstafanir, sem geta í fyrstu falið í sér að gefa út viðvaranir og setja fresti, áður en hann hafnar, takmarkar eða slítur tengslum í samræmi við b-lið ef umbeðnar upplýsingar eru enn ekki veittar eða
- b) hafna beint hvers kyns framtíðarmillifærslum fjármuna frá viðkomandi greiðsluþjónustuveitanda eða takmarka eða slíta viðskiptatengslum við þann greiðsluþjónustuveitanda.

Greiðsluþjónustumiðlari skal skýra lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti með fylgni við ákvæði um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, frá því ef upplýsingarnar eru ekki veittar og frá þeim aðgerðum sem hann hefur gripið til.

13. gr.

Mat og skýrslugjöf

Greiðsluþjónustumiðlari skal taka tillit til þess hvort upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu vanti þegar hann metur hvort millifærsla fjármuna, eða tengd færsla, sé grunsamleg og hvort skuli tilkynna um hana til skrifstofu fjármálgreininga lögreglu í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849.

III. KAFLI

Skyldur þjónustuveitenda sýndareigna

1. þáttur

Skyldur þjónustuveitanda sýndareigna upphafsaðilans

14. gr.

Upplýsingar sem fylgja millifærslum sýndareigna

1. Þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðila skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar um upphafsaðila fylgi með millifærslum sýndareigna:

- a) nafn upphafsaðila,
- b) vistfang dreifðrar færsluskrár upphafsaðilans, í þeim tilvikum þar sem millifærsla sýndareigna er skráð á netkerfi með notkun dreifðrar færsluskrártækni eða svipaðrar tækni og númer sýndareignareiknings upphafsaðilans, ef slíkur reikningur er til og notaður við vinnslu millifærslunnar,
- c) númer sýndareignareiknings upphafsaðilans, í þeim tilvikum þar sem millifærsla sýndareigna er ekki skráð á netkerfi með notkun dreifðrar færsluskrártækni eða svipaðrar tækni,
- d) heimilisfang upphafsaðila, þ.m.t. heiti landsins, númer á persónulegu opinberu skjali og viðskiptavinanúmer, eða, að öðrum kosti, fæðingardagur og fæðingarstaður upphafsaðila, og
- e) sé reitur fyrir það í viðkomandi skilaboðasniði og hafi upphafsaðilinn gefið sínum þjónustuveitanda sýndareigna það upp, fyrirleggjandi LEI-auðkenni eða, sé það ekki til staðar, annað tiltækt, sambærilegt, opinbert auðkenni upphafsaðilans.

2. Þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðila skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar um viðtakanda fylgi með millifærslum sýndareigna:

- a) nafn viðtakanda sýndareignanna,
- b) vistfang dreifðrar færsluskrár haghafans, í þeim tilvikum þar sem millifærsla sýndareigna er skráð á netkerfi með notkun dreifðrar færsluskrártækni eða svipaðrar tækni og númer sýndareignareiknings viðtakanda, ef slíkur reikningur er til og notaður við vinnslu millifærslunnar,
- c) númer sýndareignareiknings viðtakanda, í þeim tilvikum þar sem millifærsla sýndareigna er ekki skráð á netkerfi með notkun dreifðrar færsluskrártækni eða svipaðrar tækni og
- d) sé reitur fyrir það í viðkomandi skilaboðasniði og hafi upphafsaðili gefið sínum þjónustuveitanda sýndareigna það upp, fyrirbyggjandi LEI-auðkenni eða, sé það ekki til staðar, annað tiltækt, sambærilegt, opinbert auðkenni viðtakanda sýndareigna.

3. Þrátt fyrir c-lið 1. mgr. og c-lið 2. mgr., ef um er að ræða millifærslu sýndareigna sem ekki er skráð á netkerfi með notkun dreifðrar færsluskrártækni eða svipaðrar tækni og eru ekki á eða af sýndareignareikningi, skal þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðilans tryggja að sérstakt auðkenni færslu fylgi með millifærslu sýndareignanna.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu lagðar fram fyrir, eða samtímis eða samhliða, millifærslu sýndareignanna og með örugum hætti og í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

Ekki skal gerð krafa um að upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. séu í beinu viðhengi við, eða felist í, millifærslu sýndareignanna.

5. Ef um er að ræða millifærslu sýndareigna til sjálfhýsts vistfangs skal þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðilans fá og geyma upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. og tryggja að hægt sé að auðkenna hverja millifærslu sýndareigna fyrir sig.

Með fyrirvara um sértækar ráðstafanir til að draga úr áhættu sem gerðar eru í samræmi við 19. gr. b í tilskipun (ESB) 2015/849 skal þjónustuveitandi sýndareignar upphafsaðilans, ef um er að ræða millifærslu upphæðar sem er hærri en 1 000 evrur á sjálfhýst vistfang, grípa til fullnægjandi ráðstafana til að meta hvort upphafsaðilinn eigi eða stjórnir viðkomandi vistfangi.

6. Áður en sýndareignir eru millifærðar skal þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðilans sannprófa réttleika þeirra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. á grundvelli skjala, gagna eða upplýsinga frá áreiðanlegri og óháðri heimild.

7. Sannprófun eins og um getur í 6. mgr. þessarar greinar telst hafa farið fram ef eitt af eftirtöldu á við:

a) deili á upphafsaðila hafa verið staðfest í samræmi við 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og upplýsingar sem fást samkvæmt þeirri sannprófun eru varðveittar í samræmi við 40. gr. þeirrar tilskipunar eða

b) ákvæði 5. mgr. 14. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 gilda um upphafsaðilann.

8. Þjónustuveitandi sýndareigna upphafsaðilans skal ekki heimila stofnun eða framkvæmd neinnar millifærslu sýndareigna áður en tryggt er að farið sé að öllu leyti að þessari grein.

15. gr.

Millifærslur sýndareigna í bunkaskrá

Ef um er að ræða millifærslu bunkaskrár sýndareigna frá einum upphafsaðila gildir 1. mgr. 14. gr. ekki um einstakar millifærslur í bunkanum, að því tilskildu að bunkaskráin innihaldi þær upplýsingar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 14. gr., að þær upplýsingar hafi verið sannprófaðar í samræmi við 6. og 7. mgr. 14. gr. og að einstakar millifærslur beri vistfang dreifðrar færsluskrár upphafsaðilans, ef b-liður 2. mgr. 14. gr. á við, númer sýndareignareiknings upphafsaðila, ef c-liður 2. mgr. 14. gr. á við, eða sérstakt auðkenni færslu, ef 3. mgr. 14. gr. á við.

2. þáttur

Skýldur þjónustuveitanda sýndareigna viðtakanda

16. gr.

Greining upplýsinga sem vantar um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareignar

1. Þjónustuveitandi sýndareigna skal koma á skilvirku verklagi, þ.m.t., eftir því sem við á, eftirliti eftir eða meðan á flutningi stendur, til að greina hvort upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 14. gr. um sendanda og viðtakanda sýndareigna felist í, eða fylgi, millifærslu sýndareigna eða millifærslu bunkaskrár sýndareigna.

2. Ef um er að ræða millifærslu sýndareigna frá sjálfhýstu vistfangi skal þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda fá og geyma upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 14. gr. og tryggja að hægt sé að auðkenna hverja millifærslu sýndareigna fyrir sig.

Með fyrirvara um sértækar ráðstafanir til að draga úr áhættu sem gerðar eru í samræmi við 19. gr. b í tilskipun (ESB) 2015/849 skal þjónustuveitandi sýndareignar viðtakandans, ef um er að ræða millifærslu upphæðar sem er hærri en 1000 evrur frá sjálfhýstu vistfangi, grípa til fullnægjandi ráðstafana til að meta hvort viðtakandinn sýndareignanna eigi eða stjórni viðkomandi vistfangi.

3. Áður en sýndareignir eru gerðar aðgengilegar viðtakanda skal þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda sannprófa réttleika þeirra upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 14. gr. á grundvelli skjala, gagna eða upplýsinga frá áreiðanlegri og óháðri heimild.

4. Sannprófun eins og um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar telst hafa farið fram ef eitt af eftirtöldu á við:

a) deili á viðtakanda sýndareignanna hafa verið staðfest í samræmi við 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og upplýsingar sem fást samkvæmt þeirri sannprófun eru varðveittar í samræmi við 40. gr. þeirrar tilskipunar eða

b) ákvæði 5. mgr. 14. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 gilda um viðtakandann.

17. gr.

Millifærslur sýndareigna þar sem upplýsingar um upphafsaðila eða viðtakanda vantar eða eru ófullnægjandi

1. Þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda skal koma á skilvirku áhættumiðuðu verklagi, þ.m.t. verklagi á grundvelli áhættumats sem um getur í 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, til að ákvarða hvort hann eigi að framkvæma, hafna, endursenda eða fresta millifærslu sýndareigna þar sem tilskildar upplýsingar um upphafsaðila og viðtakanda eru ekki fyrir hendi og til að grípa til viðeigandi framhaldsaðgerða.

Ef þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda verður var við að upplýsingarnar sem um getur í 1. eða 2. mgr. 14. gr. eða í 15. gr. vantar eða eru ófullnægjandi skal sá þjónustuveitandi sýndareigna, í samræmi við áhættumat og án ástæðulausrar tafar:

- a) hafna millifærslunni eða endursenda millifærðu sýndareignirnar til sýndareignareiknings upphafsaðilans eða
- b) óska eftir tilskildum upplýsingum um upphafsaðilann og viðtakandann áður en hann gerir sýndareignirnar tiltækar viðtakandanum.

2. Ef þjónustuveitandi sýndareigna vanrækir ítrekað að veita tilskildar upplýsingar um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna skal þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda:

- a) gera ráðstafanir, sem geta í fyrstu falið í sér að gefa út viðvaranir og setja fresti, áður en hann hafnar, takmarkar eða slítur tengslum í samræmi við b-lið ef umbeðnar upplýsingar eru enn ekki veittar eða
- b) hafna beint hvers kyns framtíðarmillifærslum sýndareigna til eða frá, eða takmarka eða slíta viðskiptatengslum við þann þjónustuveitanda sýndareigna.

Þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda skal skýra lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti með fylgni við ákvæði um baráttu gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, frá því ef upplýsingarnar eru ekki veittar og frá þeim aðgerðum sem hann hefur gripið til.

18. gr.

Mat og skýrslugjöf

Þjónustuveitandi sýndareigna viðtakanda skal taka tillit til þess hvort upplýsingar um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna vanti eða hvort þær séu ófullnægjandi þegar hann metur hvort millifærsla sýndareigna, eða tengd færsla, sé grunsamleg og hvort tilkynna skuli um hana til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849.

3. þáttur

Skyldur þjónustumiðlara sýndareigna

19. gr.

Varðveisla upplýsinga um upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna sem fylgja millifærslu

Þjónustumiðlari sýndareigna skal tryggja að allar upplýsingar sem hann tekur við um upphafsaðila og viðtakanda sem fylgja millifærslu sýndareigna séu áframsendar með millifærslunni og að skrár um slíkar upplýsingar séu varðveittar og gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi að beiðni þeirra.

20. gr.

Greining upplýsinga sem vantar um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareignar

Þjónustumiðlari sýndareigna skal koma á skilvirku verklagi, þ.m.t., eftir því sem við á, eftirliti eftir eða meðan á millifærslu stendur, til þess að ganga úr skugga um hvort upplýsingar um upphafsaðilann eða viðtakanda sýndareignanna sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 14. gr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. 14. gr. hafi verið lagðar fram áður, samtímis eða samhliða millifærslu sýndareigna eða millifærslu bunkaskrár sýndareigna, þ.m.t. ef millifærslan er til eða frá sjálfhýstu vistfangi.

*21. gr.***Millifærslur sýndareigna þar sem upplýsingar um upphafsaðila eða viðtakanda vantar**

1. Þjónustumiðlari sýndareigna skal koma á skilvirku áhættumiðuðu verklagi, þ.m.t. verklagi á grundvelli áhættumats sem um getur í 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, til að ákvarða hvort hann eigi að framkvæma, hafna, endursenda eða fresta millifærslu sýndareigna þar sem tilskildar upplýsingar um upphafsaðila og viðtakanda eru ekki fyrir hendi og til að grípa til viðeigandi framhaldsaðgerða.

Ef þjónustumiðlari sýndareigna verður var við, þegar hann tekur við millifærslu sýndareigna, að upplýsingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 14. gr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. 14. gr. eða 1. mgr. 15. gr. vantar eða eru ófullnægjandi skal sá þjónustumiðlari sýndareigna, í samræmi við áhættumat og án ástæðulausrar tafar:

- a) hafna millifærslunni eða endursenda millifærðu sýndareignirnar eða
 - b) óska eftir tilskildum upplýsingum um upphafsaðila og viðtakanda sýndareignanna áður en hann millifærir sýndareignirnar.
2. Ef þjónustuveitandi sýndareigna vanrækir ítrekað að veita tilskildar upplýsingar um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna skal þjónustumiðlari sýndareigna:
- a) gera ráðstafanir, sem geta í fyrstu falið í sér að gefa út viðvaranir og setja fresti, áður en hann hafnar, takmarkar eða slítur tengslum í samræmi við b-lið ef umbeðnar upplýsingar eru enn ekki veittar eða
 - b) hafna beint hvers kyns framtíðarmillifærslum sýndareigna til eða frá, eða takmarka eða slíta viðskiptatengslum við þann þjónustuveitanda sýndareigna.

Þjónustumiðlari sýndareigna skal skýra lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti með fylgni við ákvæði um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, frá því ef upplýsingarnar eru ekki veittar og frá þeim aðgerðum sem hann hefur gripið til.

*22. gr.***Mat og skýrslugjöf**

Þjónustumiðlari sýndareigna skal taka tillit til þess hvort upplýsingar um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna vanti þegar hann metur hvort millifærsla sýndareigna, eða tengd færsla, sé grunsamleg og hvort tilkynna skuli um hana til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849.

*IV. KAFLI****Sameiginlegar ráðstafanir greiðsluþjónustuveitenda og þjónustuveitenda sýndareigna****23. gr.***Innri stefnur, verklag og eftirlit til að tryggja framkvæmd takmarkandi ráðstafana**

Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna ættu að hafa innri stefnur, verklag og eftirlit til að tryggja framkvæmd takmarkandi ráðstafana Sambandsins og einstakra landa þegar þeir millifæra fjármuni og sýndareignir samkvæmt þessari reglugerð.

Fyrir 30. desember 2024 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur þar sem tilgreindar eru þær ráðstafanir sem vísað er til í þessari grein.

V. KAFLI

Upplýsingar, gagnavernd og varðveisla skráa

24. gr.

Veiting upplýsinga

Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna skulu svara að fullu og án tafar, þ.m.t. fyrir milligöngu miðlægs tengiliðs í samræmi við 9. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 ef slíkur tengiliður hefur verið tilnefndur, og í samræmi við þá málsmæðferð sem mælt er fyrir um í landslögum aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu eða skráða skrifstofu, eftir því sem við á, eingöngu fyrirspurnum frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á því að berjast gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka í aðildarríki, að því er varðar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

25. gr.

Persónuvernd

1. Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð fellur undir reglugerð (ESB) 2016/679. Persónuupplýsingar sem framkvæmdastjórnin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin vinna samkvæmt þessari reglugerð falla undir reglugerð (EB) nr. 2018/1725.
2. Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna skulu aðeins vinna persónuupplýsingar samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skulu ekki vinna þær frekar á þann hátt sem er ósamrýmanlegur framangreindu. Banna skal vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli þessarar reglugerðar í viðskiptaskyni.
3. Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna skulu veita nýjum viðskiptamönnum þær upplýsingar sem krafist er skv. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 áður en stofnað er til viðskiptatengsla eða einstök viðskipti eru framkvæmd. Þær upplýsingar skulu veittar á gagnorðu, gagnsæju, skiljanlegu og aðgengilegu formi í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og skulu þær einkum hafa að geyma almenna tilkynningu um lagalegar skuldbindingar greiðsluþjónustuveitenda og þjónustuveitenda sýndareigna samkvæmt þessari reglugerð þegar þeir vinna persónuupplýsingar í því skyni að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
4. Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna skulu tryggja öllum stundum að sending persónuupplýsinga um aðilana sem hlut eiga að máli í millifærslu fjármuna eða millifærslu sýndareigna fari fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

Evrópska persónuverndarráðið skal, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, gefa út viðmiðunarreglur um framkvæmd í reynd á persónuverndarkröfum við sendingu persónuupplýsinga til þriðju landa í tengslum við millifærslur sýndareigna. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um viðeigandi verklag við að ákvarða hvort eigi að framkvæma, hafna, endursenda eða fresta millifærslu sýndareigna í aðstæðum þar sem ekki er hægt að tryggja hlítu við persónuverndarkröfur við sendingu persónuupplýsinga til þriðju landa.

26. gr.

Varðveisla gagna

1. Ekki skal varðveita upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu eða um upphafsaðila eða viðtakanda sýndareigna lengur en þörf krefur. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og viðtakanda greiðslu skal varðveita skrár um þær upplýsingar sem um getur í 4.–7. gr., og þjónustuveitendur sýndareigna upphafsaðila og viðtakanda sýndareigna skulu varðveita skrár um þær upplýsingar sem um getur í 14.–16. gr., í fimm ár.
2. Þegar varðveislutímabilinu sem um getur í 1. mgr. lýkur skulu greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna sjá til þess að persónuupplýsingunum sé eytt, nema kveðið sé á um annað í landslögum, sem skulu ákvarða við hvaða aðstæður greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna geta eða skulu varðveita gögnin áfram. Aðildarríki geta heimilað eða farið fram á frekari varðveislu eftir að hafa framkvæmt ítarlegt mat á nauðsyn og meðalhófi frekari varðveislu og telji þau að það sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, greina eða rannsaka peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Viðbótarvarðveislutími skal ekki vera lengri en fimm ár.

3. Ef málaferlum sem ætlað er að koma í veg fyrir, greina, rannsaka eða saksækja vegna grunaðs peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka, er ólokið í aðildarríki 25. júní 2015 og greiðsluþjónustuveitandi býr yfir upplýsingum eða gögnum sem tengjast þessum málaferlum er honum heimilt að varðveita þessar upplýsingar eða gögn, í samræmi við landslög, í fimm ár frá 25. júní 2015. Til að koma í veg fyrir, greina, rannsaka eða saksækja vegna grunaðs peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka geta aðildarríki, að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda að landsrétti um sönnunargögn við rannsókn og málsmeðferð í sakamálum, heimilað eða farið fram á varðveislu upplýsinga eða gagna í fimm ár til viðbótar ef nauðsyn og meðalhöf fyrir frekari varðveislu hefur verið staðfest.

27. gr.

Samstarf meðal lögbærra yfirvalda

Upplýsingaskipti meðal lögbærra yfirvalda og við viðeigandi yfirvöld þriðju landa samkvæmt þessari reglugerð skulu falla undir tilskipun (ESB) 2015/849.

VI. KAFLI

Viðurlög og eftirlit

28. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir

1. Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu aðildarríkin setja reglur um stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlög og ráðstafanir sem kveðið er á um skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi og samræmast VI. kafla 4. þáttar tilskipunar (ESB) 2015/849.

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstafanir gegn brotum á þessari reglugerð sem þegar falla undir refsiviðurlög samkvæmt landslögum. Í því tilviki skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi hegningarlagaákvæði.

2. Hvað varðar skyldur greiðsluþjónustuveitenda og þjónustuveitenda sýndareigna, skulu aðildarríki tryggja að við brot á ákvæðum þessarar reglugerðar sé hægt, samkvæmt landslögum, að beita stjórnendur viðkomandi þjónustuveitanda og aðra einstaklinga, sem bera, samkvæmt landslögum, ábyrgð á brotinu, viðurlögum eða ráðstöfunum.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og innri fastanefndinni um baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem um getur í 7. mgr. 9. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, um reglurnar sem um getur í 1. mgr. Aðildarríki skulu án ótilhlýðilegrar tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og innri fastanefndinni um allar síðari breytingar þar á.

4. Lögbær yfirvöld skulu, í samræmi við 4. mgr. 58. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, hafa allar þær eftirlitsheimildir og það rannsóknarvald sem þeim er nauðsynlegt til að gegna starfi sínu. Lögbær yfirvöld skulu hafa náð samstarf þegar þau nýta heimildir sínar til að beita stjórnsýsluviðurlögum og -ráðstöfunum til að tryggja að þessi stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstafanir beri tilætlaðan árangur og samræma aðgerðir sínar þegar um er að ræða mál sem ná yfir landamæri.

5. Aðildarríki skulu tryggja að lögaðilar geti sætt ábyrgð fyrir brot sem um getur í 29. gr. og framin eru í þeirra þágu af einstaklingi eða hópi innan lögaðilans sem gegnir stjórnunarstöðu innan hans, á grundvelli hvers sem er af eftirtöldu:

- a) heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,
- b) heimildar til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans,
- c) heimildar til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

6. Aðildarríki skulu einnig tryggja að lögaðilar geti sætt ábyrgð ef skortur á eftirliti eða umsjón af hálfu einstaklings, sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, hefur gert einstaklingi á vegum lögaðilans kleift að fremja eitt þeirra brota, sem um getur í 29. gr., í þágu hans.

7. Lögbær yfirvöld skulu nota heimildir sínar til að beita stjórnsýsluviðurlögum og -ráðstöfunum í samræmi við þessa reglugerð með einhverjum eftirfarandi hætti:

- a) beint,
- b) í samstarfi við önnur yfirvöld,
- c) á eigin ábyrgð með framsali til þessara annarra yfirvalda,
- d) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.

Lögbær yfirvöld skulu, við beitingu heimilda sinna til að beita stjórnsýsluviðurlögum og ráðstöfunum, hafa náið samstarf til að tryggja að þessi stjórnsýsluviðurlög eða ráðstafanir beri tilætlaðan árangur og samræma aðgerðir sínar þegar tekið er á málum sem ná yfir landamæri.

29. gr.

Sértæk ákvæði

Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir þeirra innihaldi að lágmarki þá þætti sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 59. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 ef um er að ræða eftirfarandi brot á þessari reglugerð:

- a) endurtekna eða kerfisbundna vanrækslu greiðsluþjónustuveitanda til að láta tilskildar upplýsingar um greiðanda og viðtakanda greiðslu fylgja millifærslum fjármuna, sem er brot gegn 4., 5. eða 6. gr., eða vanrækslu þjónustuveitanda sýndareigna til að láta tilskildar upplýsingar um upphafsaðila og viðtakanda fylgja með millifærslu sýndareigna, sem er brot gegn 14. eða 15. gr.,
- b) endurtekna, kerfisbundna eða alvarlega vanrækslu greiðsluþjónustuveitanda eða þjónustuveitanda sýndareigna við að halda skrár, sem er brot gegn 26. gr.,
- c) vanrækslu greiðsluþjónustuveitanda við að koma á skilvirku verklagi á grundvelli áhættumats, sem er brot gegn 8. eða 12. gr., eða vanrækslu þjónustuveitanda sýndareigna við að koma á skilvirku verklagi á grundvelli áhættumats sem er brot gegn 17. gr.,
- d) alvarlega vanrækslu greiðsluþjónustumiðlara við að fara að 11. eða 12. gr. eða vanrækslu þjónustumiðlara sýndareigna við að fara að 19., 20. eða 21. gr.

30. gr.

Birting viðurlaga og ráðstafana

Lögbær yfirvöld skulu, í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 60. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, birta stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir sem beitt er í tilvikunum sem um getur í 28. og 29. gr. þessarar reglugerðar án ótilhlýðilegrar tafar, þ.m.t. upplýsingar um tegund og eðli brots og deili á þeim aðilum sem bera ábyrgð á brotinu, ef þörf er á og ef það veldur ekki hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir, samkvæmt mati hverju sinni.

*31. gr.***Beiting lögbærra yfirvalda á viðurlögum og ráðstöfunum**

1. Við ákvörðun á beitingu stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstafa og fjárhæðum stjórnsýsluviðurlaga skulu lögbær yfirvöld taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna, þ.m.t. þeirra sem tilgreindar eru í 4. mgr. 60. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
2. Ákvæði 62. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 á við um stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir sem beitt er í samræmi við þessa reglugerð.

*32. gr.***Tilkynning um brot**

1. Aðildarríki skulu koma á skilvirku fyrirkomulagi til að hvetja til þess að lögbærum yfirvöldum sé tilkynnt um brot á þessari reglugerð.

Slíkt fyrirkomulag skal a.m.k. innihalda þá þætti sem um getur í 2. mgr. 61. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

2. Greiðsluþjónustuveitendur og þjónustuveitendur sýndareigna, í samstarfi við lögbær yfirvöld, skulu að teknu tilliti til eðlis og stærðar viðkomandi greiðsluþjónustuveitanda eða þjónustuveitanda sýndareigna, koma á viðeigandi innra verklagi til að starfsmenn eða aðilar í sambærilegri stöðu geti tilkynnt um brot með öruggum, óháðum hætti undir nafnleynd.

*33. gr.***Vöktun**

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að lögbær yfirvöld hafi skilvirkt eftirlit og geri þær ráðstafanir sem þörf er á til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og hvetja, með skilvirku fyrirkomulagi, til þess að brot á ákvæðum þessarar reglugerðar séu tilkynnt til lögbærra yfirvalda.
2. Eigi síðar en 31. desember 2026, og á þriggja ára fresti eftir það, skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu VI. kafla, einkum að því er varðar tilvik sem ná yfir landamæri.

*VII. KAFLI***Framkvæmdarvald***34. gr.***Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

*VIII. KAFLI***Undanþágur***35. gr.***Samningar við lönd og yfirráðasvæði sem eru ekki hluti af yfirráðasvæði Sambandsins**

1. Framkvæmdastjórnin getur heimilað aðildarríki að gera samning við þriðja land eða yfirráðasvæði utan lögsögu sáttmálans um Evrópusambandið og sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eins og um getur í 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins („hlutaðeigandi land eða yfirráðasvæði“), sem inniheldur undanþágur frá þessari reglugerð, í því skyni að heimila að millifærsla fjármuna milli þess lands eða yfirráðasvæðis og hlutaðeigandi aðildarríkis sé meðhöndluð sem millifærsla fjármuna innan þess aðildarríkis.

Eingöngu má heimila slíka samninga að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a) hlutaðeigandi land eða yfirráðasvæði er í myntbandalagi með hlutaðeigandi aðildarríki, er hluti af gjaldmiðlasvæði þess aðildarríkis eða hefur gert myntsamning við Sambandið, sem aðildarríki er í fyrirsvari fyrir,
- b) greiðsluþjónustuveitendur í hlutaðeigandi landi eða á hlutaðeigandi yfirráðasvæði taka beinan eða óbeinan þátt í greiðslu- og uppgjörskerfunum í því aðildarríki,
- c) hlutaðeigandi land eða yfirráðasvæði gerir þær kröfur að greiðsluþjónustuveitendur innan lögsögu þess beiti sömu reglum og komið er á samkvæmt þessari reglugerð.

2. Aðildarríki, sem óskar eftir að gera samning eins og um getur í 1. mgr. skal senda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta beiðnina.

3. Þegar framkvæmdastjórnin hefur veitt slíkri beiðni viðtöku skal til bráðabirgða meðhöndla millifærslur fjármuna milli þess aðildarríkis og hlutaðeigandi lands eða yfirráðasvæðis sem millifærslur fjármuna innan þess aðildarríkis þar til ákvörðun hefur verið tekin í samræmi við þessa grein.

4. Ef framkvæmdastjórnin telur, innan tveggja mánaða frá viðtöku beiðninnar, að hún hafi ekki allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta beiðnina skal hún hafa samband við hlutaðeigandi aðildarríki og tilgreina þær viðbótarupplýsingar sem vantar.

5. Innan eins mánaðar frá viðtöku allra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegar til að leggja mat á beiðnina skal hún tilkynna það aðildarríkinu sem leggur fram beiðnina og senda afrit af beiðninni til annarra aðildarríkja.

6. Innan þriggja mánaða frá tilkynningu sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin ákvarða með framkvæmdargerð í samræmi við 2. mgr. 34. gr. hvort heimila skuli hlutaðeigandi aðildarríki að gera umræddan samning.

Framkvæmdastjórnin skal í öllum tilvikum samþykkja ákvörðun eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar innan 18 mánaða frá viðtöku beiðninnar.

IX. KAFLI

Önnur ákvæði

36. gr.

Viðmiðunarreglur

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur handa lögbærum yfirvöldum og greiðsluþjónustuveitendum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um ráðstafanir sem gera skal í samræmi við þessa reglugerð, einkum að því er varðar framkvæmd á 7., 8., 11. og 12. gr. þessarar reglugerðar. Eigi síðar en 30. júní 2024 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur handa lögbærum yfirvöldum og þjónustuveitendum sýndareigna um ráðstafanir sem gera skal að því er varðar framkvæmd 14.–17. gr. og 19.–22. gr. þessarar reglugerðar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur þar sem tilgreindir eru tæknilegir þættir framkvæmdar þessarar reglugerðar við beingreiðslur sem og þær ráðstafanir sem greiðsluvirkjendur, eins og þeir eru skilgreindir í 18. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, samkvæmt þessari reglugerð, skulu gera, að teknu tilliti til takmarkaðs hlutverks þeirra við greiðslur.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur sem beina skal til lögbærra yfirvalda um einkenni áhættumiðaðrar eftirlitsnálgunar og þau skref sem taka skal við slíkt eftirlit.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tryggja regluleg samskipti við hagsmunaaðila um þróun tæknilegra rekstrarsamhæfðra lausna með það fyrir augum að greiða fyrir framkvæmd krafanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

37. gr.

Endurskoðun

1. Innan 12 mánaða frá gildistöku reglugerðar um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð og skal, ef við á, leggja til breytingar til að tryggja samræmda nálgun og samhæfingu við reglugerðina um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka.
2. Eigi síðar en 1. júlí 2026 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, gefa út skýrslu þar sem metin er sú áhætta sem stafar af millifærslum til eða frá sjálfhýstum vistföngum eða aðilum sem ekki hafa staðfestu í Sambandinu, sem og þörfina á sértækum ráðstöfunum til að draga úr þeirri áhættu, og, ef við á, leggja til breytingar á þessari reglugerð.
3. Eigi síðar en 30. júní 2027 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu og framfylgd þessarar reglugerðar ásamt tillögum að nýrri löggjöf ef þörf krefur.

Skýrslan sem um getur í fyrstu undirgrein skal hafa að geyma eftirfarandi atriði:

- a) mat á skilvirkni þeirra ráðstafna sem kveðið er á um í þessari reglugerð og á hlítni greiðsluþjónustuveitenda og þjónustuveitenda sýndareigna við þessa reglugerð,
- b) mat á tæknilausnum til að fullnægja þeim skyldum sem lagðar eru á þjónustuveitendur sýndareigna samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. á nýjustu þróun í tæknilega traustum og rekstrarsamhæfðum lausnum til að fara að þessari reglugerð og á notkun greiningartóla dreifðrar færsluskrártækni til að finna uppruna eða ákvörðunarstað millifærslna sýndareigna og til að framkvæma matið „þekktu viðskipti þín“ (e. *know your transaction (KYT)*),
- c) mat á hve skilvirk og viðeigandi lágmarksviðmiðunarmörk í tengslum við millifærslur fjármuna eru, einkum að því er varðar gildissvið þeirra og þær upplýsingar sem fylgja millifærslum, og mat á þörfinni til að lækka eða fjarlægja slík viðmiðunarmörk,
- d) mat á kostnaði og ávinning af því að taka upp lágmarksviðmiðunarmörk í tengslum við þær upplýsingar sem fylgja millifærslum sýndareigna, þ.m.t. mat á tengdri hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka,
- e) greiningu á leitni í notkun sjálfhýstra vistfanga til að framkvæma millifærslur án aðkomu þriðja aðila, ásamt mati á tengdri hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og mati á þörf, skilvirkni og framfylgd viðbótarráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. sérstökum skyldum á veitendur vélbúnaðar- og hugbúnaðarveskja og takmarkanir, eftirlit eða bann á millifærslur sem tengjast sjálfhýstum vistföngum.

Þessi skýrsla skal taka tillit til nýrrar þróunar í baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og viðkomandi virðismats, mats og skýrslna á því sviði sem alþjóðastofnanir og þeir sem setja staðla, löggæsluyfirvöld og leyniþjónustustofnanir, þjónustuveitendur sýndareigna eða aðrir áreiðanlegir aðilar hafa samið.

X. KAFLI

Lokaákvæði

38. gr.

Breytingar á tilskipun (ESB) 2015/849

Tilskipun (ESB) 2015/849 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. falla g- og h-liður í 3. lið 1. mgr. brott.

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við 2. lið:

„g) þjónustuveitendur sýndareigna,“

b) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:

„8) „millibankaviðskipti“:

a) veiting bankaþjónustu eins banka sem viðskiptabanka til annars banka sem gagnaðila, þ.m.t. að stofna tékkareikninga eða aðra skuldareikninga og veita tengda þjónustu, t.d. reiðufjárstjórnun, alþjóðlega yfirfærslu fjár, greiðslujöfnunarreikninga, greiðslumiðlunarreikninga og þjónustu í tengslum við erlendan gjaldeyri,

b) tengslin milli og meðal lánastofnana og fjármálastofnana, þ.m.t. þegar samsvarandi stofnun veitir gagnaðilanum svipaða þjónustu, og sem taka til tengsla sem komið er á fót fyrir verðbréfavíðskipti eða millifærslu fjármuna eða tengsla sem komið er á fót fyrir viðskipti með sýndareignir eða millifærslur sýndareigna,“.

c) Í stað 18. og 19. liðar kemur eftirfarandi:

„18. „sýndareign“: sýndareign eins og hún er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 (*), nema þar sem hún fellur undir þá flokka sem taldir eru upp í 2., 3. og 4. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar eða telst á annan hátt til fjármuna,

19) „þjónustuveitandi sýndareigna“: þjónustuveitandi sýndareigna eins og hann er skilgreindur í 15. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 þar sem hann framkvæmir eina eða fleiri þjónustu á sviði sýndareigna eins og hún er skilgreind í 16. lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, að undanskildri ráðgjöf um sýndareignir eins og um getur í h-lið 16. liðar 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).“

d) Eftirfarandi lið er bætt við:

„20. „sjálfhýst vistfang“: sjálfhýst vistfang eins og það er skilgreint í 20. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 frá 31. maí 2023 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og tiltekinna sýndareigna og um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 1).“

3) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 18. gr.:

„5. Eigi síðar en 30. desember 2024 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur um áhættubreytur og áhættuþætti sem þjónustuveitendur sýndareigna skulu taka skal tillit til þegar þeir stofna til viðskiptasambands eða framkvæma viðskipti með sýndareignir.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einkum útskýra hvernig þjónustuveitendur sýndareigna skulu taka tillit til þeirra áhættuþátta sem taldir eru upp í III. viðauka þ.m.t. þegar þeir eiga viðskipti við einstaklinga og aðila sem falla ekki undir þessa tilskipun. Í þessu skyni skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veita afurðum, viðskiptum og tækni sem hafa möguleika á að veita nafnleynd, s.s. nafnleyndarveskjum, blöndurum og hrærum, sérstaka athygli.

Vegna tilvika þar sem aukin áhætta greinist ættu viðmiðunarreglurnar sem um getur í 5. gr. að hafa að geyma auknar ráðstafanir um áreiðanleikakannanir sem tilkynningaskyldir aðilar skulu íhuga að beita til að draga úr slíkri áhættu, þ.m.t. að taka upp viðeigandi verklag til að finna uppruna eða ákvörðunarstað sýndareigna.“

4) Eftirfarandi greinar bætast við:

„19. gr. a

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að þjónustuveitendur sýndareigna greini og meti hættuna á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við millifærslur sýndareigna sem er beint til eða koma frá sjálfhýstu vistfangi. Í því skyni skulu þjónustuveitendur sýndareigna hafa til staðar innri stefnur, verklagsreglur og eftirlit. Aðildarríki skulu krefjast þess að þjónustuveitendur sýndareigna beiti mildandi ráðstöfunum í réttu hlutfalli við áhættuna sem greindist. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér eitt eða fleira af eftirfarandi:

a) að gera áhættumiðaðar ráðstafanir til að bera kennsl á og sannreyna deili á upphafsaðila eða viðtakanda millifærslu sýndareigna, sem gerð er til eða frá sjálfhýstu vistfangi eða raunverulegum eiganda slíks upphafsaðila eða viðtakanda, þ.m.t. með því að reiða sig á þriðju aðila,

b) að krefjast viðbótarupplýsinga um uppruna og ákvörðunarstað millifærðra sýndareigna,

c) að hafa viðvarandi aukið eftirlit með þessum viðskiptum.

d) hvers konar aðrar ráðstafanir til að draga úr og stýra áhættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og hættu á að markvissum fjárhagslegum viðurlögum við útbreiðslu gereyðingarvopna sé ekki hrint framkvæmd og vikið sé verulega frá þeim.

2. Eigi síðar en 30. desember 2024 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur til að tilgreina ráðstafanirnar sem um getur í þessari grein, þ.m.t. viðmið og aðferðir til að auðkenna og sannreyna deili á upphafsaðila eða viðtakanda millifærslu til eða frá sjálfhýstu vistfangi, einkum með því að reiða sig á þriðju aðila, að teknu tilliti til nýjustu tæknipróunar.

19. gr. b

1. Þrátt fyrir ákvæði 19. gr., að því er varðar millibankaviðskipti yfir landamæri sem fela í sér framkvæmd þjónustu á sviði sýndareigna, eins og hún er skilgreind í 16. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að undanskildum h-lið þess liðar, við gagnaðila sem ekki með staðfestu í Sambandinu og veitir svipaða þjónustu, þ.m.t. millifærslu á sýndareignum, skulu aðildarríki, til viðbótar við ráðstafanirnar um áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sem mælt er fyrir um í 13. gr. þessarar tilskipunar, krefjast þess að þjónustuveitendur sýndareigna, þegar þeir stofna til viðskiptatengsla við slíkan aðila:

- a) ákvarði hvort svarandinn hafi starfsleyfi eða sé skráður,
- b) afli fullnægjandi upplýsinga um gagnaðilann til að skilja til fullnustu eðli starfsemi hans og meta út frá fyrirliggjandi, opinberum gögnum orðstír viðkomandi og gæði eftirlits hjá honum,
- c) leggi mat á eftirlit gagnaðilans með því að ekki fari fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- d) afli samþykkis frá yfirstjórn áður en nýjum millibankaviðskiptum er komið á,
- e) skjalfesti ábyrgð hvers aðila að millibankaviðskiptunum, eftir því sem við á,
- f) fái staðfest, þegar um greiðslustreymisreikninga sýndareigna er að ræða, að gagnaðilinn hafi staðfest deili á viðskiptamanninum og gert áframhaldandi könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, sem hafa beinan aðgang að reikningum þess sem viðskiptin eru við og geti, sé þess óskað, veitt stofnuninni sem viðskiptin eru við viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sem aflað hefur verið með könnun á áreiðanleika upplýsinga hans.

Ef þjónustuveitendur sýndareigna ákveða að slíta millibankaviðskiptum af ástæðum sem varða stefnu í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skulu þeir skjalfesta ákvörðun sína og skrá hana.

Þjónustuveitendur sýndareigna skulu uppfæra upplýsingar um áreiðanleikakönnun vegna millibankaviðskipta reglulega eða þegar ný áhætta kemur í ljós í tengslum við gagnaðilann.

2. Aðildarríki skulu tryggja að þjónustuveitendur sýndareigna taki tillit til þeirra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. þegar þeir taka ákvörðun, í samræmi við áhættumat, um viðeigandi ráðstafanir sem gera skal til að draga úr áhættu sem tengist gagnaðilanum.

3. Eigi síðar en 30. júní 2024 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur sem tilgreina viðmið og þætti sem þjónustuveitendur sýndareigna skulu taka tillit til þegar þeir framkvæma matið sem um getur í 1. mgr. og ráðstafanir til að draga úr áhættu sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. lágmarksaðgerðina sem þjónustuveitendur sýndareigna eiga að grípa til þegar gagnaðilinn er ekki skráður eða hefur ekki starfsleyfi.“

5) Eftirfarandi grein er bætt við:

„24. gr. a

Eigi síðar en 1. janúar 2024 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur sem tilgreina hvernig ráðstafanir um aukna áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum í þessum þætti gilda þegar tilkynningarskyldir aðilar veita þjónustu á sviði sýndareigna, eins og hún er skilgreind í 16. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að undanskildum h-lið þess liðar, sem og framkvæma millifærslur sýndareigna eins og þær eru skilgreindar í 10. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113. Einkum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tilgreina hvernig og hvenær þessir tilkynningarskyldu aðilar skuli afla viðbótarupplýsinga um upphafsaðilann og viðtakanda sýndareignanna.“

6) Í stað 9. mgr. 45. gr. kemur eftirfarandi:

„9. Aðildarríki geta krafist þess að útgefendur rafeyris, eins og þeir eru skilgreindir í 3. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB, greiðsluþjónustuveitendur, eins og þeir eru skilgreindir í 11. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, og þjónustuveitendur sýndareigna sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en sem útibú, og sem hafa aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki, tilnefni aðaltengilið á yfirráðasvæði þeirra. Sá aðaltengiliður skal tryggja, fyrir hönd aðilans sem starfar yfir landamæri, að farið sé að reglum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skal auðvelda eftirlit af hálfu eftirlitsaðila, þ.m.t. með því að láta eftirlitsaðilum í té skjöl og upplýsingar sé þess óskað.“

7) Í stað 1. mgr. 47. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að gjaldeyrisskiptastöðvar, stöðvar til að innleysa ávísanir og þjónustuveitendur á sviði sjóða- og fyrirtækjaþjónustu hafi starfsleyfi eða séu skráðir og að settar séu reglur um veitendur þjónustu sem tengist fjárhættustarfsemi.“

8) Í 67. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„3. Eigi síðar en 30. desember 2024 skulu aðildarríki samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að 2. gr. (3. lið 1. mgr.), 3. gr. (g-lið 2. liðar), 3. gr. (8., 18., 19. og 20. lið), 19. gr. a (1. mgr.), 19. gr. b (1. og 2. mgr.), 45. gr. (9. mgr.) og 47. gr. (1. mgr.). Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 30. desember 2024.“

39. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) 2015/847 er felld úr gildi frá og með þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

40. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. desember 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. METSOLA

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

P. KULLGREN

forseti.

I. VIÐAUKI

NIÐURFELLD REGLUGERÐ MEÐ BREYTINGUM

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 (Stjtið. ESB L 141, 5.6. 2015, bls. 1)	
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2175 (Stjtið. ESB L 334, 27.12. 2019, bls. 1)	[Einungis 6. gr.]

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (ESB) 2015/847	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
1., 2. og 3. mgr. 2. gr.	1., 2. og 3. mgr. 2. gr.
fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 2. gr.	fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 2. gr.
—	Þriðja og fjórða undirgrein 4. mgr. 2. gr.
5. mgr. 2. gr.	5. mgr. 2. gr.
Inngangsorð 3. gr.	Inngangsorð 3. gr.
1.–9. liður 3. gr.	1.–9. liður 3. gr.
—	10. liður 3. gr.
10. liður 3. gr.	11. liður 3. gr.
11. liður 3. gr.	12. liður 3. gr.
12. liður 3. gr.	—
—	13.–24. liður 3. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 4. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 4. gr.
a-, b- og c-liður 1. mgr. 4. gr.	a-, b- og c-liður 1. mgr. 4. gr.
—	d-liður 1. mgr. 4. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 4. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 4. gr.
a- og b-liður 2. mgr. 4. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 4. gr.
—	c-liður 2. mgr. 4. gr.
3.–6. mgr. 4. gr.	3.–6. mgr. 4. gr.
5.–13. gr.	5.–13. gr.
—	14.–23. gr.
14. gr.	24. gr.

Reglugerð (ESB) 2015/847	Þessi reglugerð
1., 2. og 3. mgr. 15. gr.	1., 2. og 3. mgr. 25. gr.
Eina undirgrein 4. mgr. 15. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 25. gr.
—	Önnur undirgrein 4. mgr. 25. gr.
16. gr.	26. gr.
—	27. gr.
17. gr.	28. gr.
18. gr.	29. gr.
19. gr.	30. gr.
20. gr.	31. gr.
21. gr.	32. gr.
22. gr.	33. gr.
23. gr.	34. gr.
1.–6. mgr. 24. gr.	1.–6. mgr. 35. gr.
7. mgr. 24. gr.	—
Eina undirgrein 25. gr.	Fyrsta undirgrein 36. gr.
—	Önnur, þriðja og fjórða undirgrein 36. gr.
—	37. gr.
—	38. gr.
26. gr.	39. gr.
27. gr.	40. gr.
Viðauki	—
—	I. viðauki
—	II. viðauki